# Stöðvum stríð gegn börnum



Barnaheill

2019

Barnaheill

**Blað Barnaheilla**
**– Ársrit júní 2019**

**Útgefandi:**
Barnaheill – Save the Children á Íslandi

**Ritstjóri:**
Aldís Yngvadóttir

**Ábyrgðarmaður:**
Erna Reynisdóttir

**Forsíðumynd:**
Save the Children, febrúar 2019.
Myndin er af Lönu (nafni hefur verið breytt) sem er fimm ára og dvelur í búðum fyrir vegalausa í Sýrlandi. Lana réttir út höndina og segir stopp. Myndin er í tengslum við heimsátakið **Stöðvum stríð gegn börnum** sem Barnaheill – Save the Children standa að í tilefni af aldarafmæli samtakanna á þessu ári.

**Myndir á innsíðum:**
Save the Children (bls. 6–7)
Elísa B. Guðmundsdóttir (bls. 34)
Jerry Wang/Unsplash (bls. 40)
Eggert Jónsson (bls. 44)

**Prentvinnsla:**
LITRÓF - *Umhverfisvottuð Prentsmiðja*

ISSN 1021-7134

# EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns . . . . . 3
Frá framkvæmdastjóra . . . . . 4
Viðtal við Helle Thorning-Schmidt . . . . . 5
Öld breytinga í þágu barna . . . . . 6
*Vinátta* – lengi býr að fyrstu gerð . . . . . 8
Barnaheill og Blátt áfram sameina kraftana . . . . . 11
Enn öflugri saman . . . . . 12
Börn eru líka hinsegin . . . . . 14
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og börn . . . . . 17
Ungmennaráð Barnaheilla . . . . . 18
Stöðvum stríð gegn börnum . . . . . 20
Barnaheill undirbúa nýtt þróunarverkefni í Úganda . . . . . 24
Ný tilkynningarsíða Ábendingalínunnar . . . . . 27
Við erum æviráðnir . . . . . 28
Viðurkenning Barnaheilla . . . . . 30
Börn Segja Stopp! . . . . . 31
Þakkir . . . . . 32
Símalaus sunnudagur í annað sinn . . . . . 34
Syngjum saman... Stöndum saman . . . . . 35
Hjólasöfnun Barnaheilla . . . . . 36
Dagur mannréttinda barna . . . . . 39
Gjaldfrjáls grunnskóli í höfn . . . . . 40
Viðmið um skjánotkun barna og ungmenna . . . . . 40
Skjáviðmið fyrir börn að 5 ára aldri . . . . . 41
Skjáviðmið fyrir börn 6-12 ára . . . . . 42
Skjáviðmið fyrir ungmenni 13-18 ára . . . . . 43
Við erum Barnaheill . . . . . 44
Má bjóða þér að gerast Heillavinur Barnaheilla? . . . . . 45
Erfðagjafir . . . . . 45




Co-funded by the European Union

A Member of INTERNATIONAL ASSOCIATION OF INTERNET HOTLINES
INHOPE

# DRAUMAR GETA RÆST

**Fullorðið fólk leggur gjarnan áherslu á að það sem gert er fyrir börn eða það sem börn taka sér fyrir hendur sé undirbúningur fyrir fullorðinsárin. Ég vil breyta þessari áherslu. Börn eiga að fá að vera börn. Þau eiga að búa við öryggi, fá að leika sér, upplifa og læra einfaldlega af því þau eru börn. Ekki af því að þau verða síðar fullorðin og þurfa undirbúning fyrir fullorðinsár.**

Þegar við, fullorðna fólkið, setjum áhersluna á börnin og barnæskuna, barndómsins vegna og hlustum á þau þá gerum við heiminn betri. Við verðum að hlusta eftir því hvað þau vilja, hvað þeim finnst, hvernig þeim líður núna og bregðast opin við skoðunum þeirra og sýn. Ekkert barn verðskuldar vanrækslu, ofbeldi eða að búa við stríðsástand, skort eða aðrar slæmar aðstæður. Öll börn vilja njóta hæfileika sinna, öryggis og ástar.

Árið 2019 verður réttindum barna fagnað á Íslandi og um heim allan. Þetta er árið sem Barnasáttmálinn fagnar 30 ára afmæli. Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna einnig 30 ára afmæli og alþjóðasamtökin Save the Children fagna 100 ára afmæli. Á þessum tímamótum hafa alþjóðasamtökin hrint úr vör átakinu Stöðvum stríð gegn börnum (Stop the War on Children). En 420 milljónir barna búa á stríðshrjáðum svæðum eða eru á flótta undan stríði. Barnaheill munu taka þátt í þessu átaki. Markmiðið er að safna 100 milljónum til styrktar börnum í Sýrlandi og Jemen.

Árið 2019 markar einnig þau tímamót í sögu Barnaheilla að stjórnir Barnaheilla og Blátt áfram hafa tekið þá ákvörðun að sameina krafta sína undir nafni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Verkefni Blátt áfram verða því hluti af þeirri starfsemi Barnaheilla sem snýr að vernd barna gegn ofbeldi.

Tilgangurinn er að samnýta krafta og þekkingu beggja samtaka að því sameiginlega markmiði að berjast gegn ofbeldi á börnum. Verkefni Blátt áfram munu því



*Harpa Rut Hilmarsdóttir*

áfram snúast um vernd barna gegn ofbeldi. Þau felast að stærstum hluta í vitundarvakningu, fræðslu og forvörnum á því sviði. Samtökin vilja með þessu sýna gott fordæmi og trúa því að sameinuð séu þau sterkari rödd, öflugra hreyfiafl og sterkari málsvari fyrir börn.

Við skulum fagna því að börn eiga sjálfstæðan rétt, ekki sem börn fullorðinna eða fullorðið fólk framtíðar, heldur einfaldlega sem börn.

Í tengslum við Barnamenningarhátíð nú í vor skráðu börn niður drauma sína fyrir sig og heiminn sem Bragi Valdimar tók saman í texta og Jón Jónsson samdi lagið Draumar geta ræst við. Þar segja börnin meðal annars: „Ég vildi að það væri engin stríðni og ekkert stríð, allir væru vinir, massa sáttir alla tíð.“ Börnin vita hvað er best fyrir þau sjálf og heiminn.

Ég vitna í texta lagsins og óska ég þess innilega fyrir hönd barna:

*Að draumar fengju í lífi okkar — ögn stærri sess. Enginn veit hvað verður næst — ég veit það eitt, að draumar geta ræst.*

**Harpa Rut Hilmarsdóttir,**
**formaður Barnaheilla**
**– Save the Children á Íslandi**

# STÖÐVUM STRÍÐ GEGN BÖRNUM

# TIL HEILLA FYRIR BÖRN...

## Í 100 ÁR Á ALÞJÓÐAVÍSU... Í 30 ÁR Á ÍSLANDI

**Árið 2019 markar mikilvæg tímamót í sögu mannréttinda barna. Save the Children, ein stærstu samtökin sem berjast fyrir velferð og réttindum barna, eru 100 ára. Það var kennslukonan Eglantyne Jebb sem stofnaði Save the Children sjóðinn eftir fyrri heimsstyrjöldina. Sjóðurinn varð að alþjóðlegum samtökum sem starfa í dag í 120 löndum börnum til heilla. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var byggður á yfirlýsingu sem Eglantyne skrifaði og samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1989. Hann er því þrjátíu ára í ár. Barnaheill á Íslandi voru stofnuð þetta sama ár en Barnasáttmálinn hefur verið leiðarljós samtakanna frá upphafi.**

Á svo stórum tímamótum er mikilvægt að líta til baka og skoða hvað hefur áunnist en jafnframt er mikilvægt að skoða hverju er ábótavant og hvað þarf að gera betur. Því miður er staða tugmilljóna barna jafnslæm ef ekki verri en hún var fyrir 100 árum. Enn í dag búa börn við aðstæður sem eru óviðunandi og þau báðu ekki um. Ofbeldi, fátækt, sjúkdóma og stríð. Góðu fréttirnar eru þær að flest það sem rænir börn æskunni og rétti þeirra til lífs, þroska, menntunar og verndar er á undanhaldi. Samkvæmt skýrslunni *Changing Lives in Our Lifetime – Global Childhood Reoprt 2019*, sem gefin var út í maí af Barnaheillum – Save the Children, látast nú færri börn á ári, færri börn þjást af vannæringu, fleiri börn ganga í skóla, minna er um barnaþrælkun og barnahjónabönd, færri unglingsstúlkur verða þungaðar og færri barnamorð eru framin. Með hliðsjón af þessum þáttum hafa aðstæður barna batnað í 173 af 176 löndum sem skýrslan nær yfir.

Þó er einn þáttur sem hefur snarversnað. Börnum sem búa við stríð eða afleiðingar stríðs hefur fjölgað gríðarlega. Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að síðan árið 2000 hefur börnum sem búa við slíkar aðstæður fjölgað um 80%. Barnaheill – Save the Children vilja nýta aldarafmælið til að ná fram breytingum á þessari þróun og hafa hrint af stað heimsátaki sem kallast Stop the War on Children eða Stöðvum stríð gegn börnum. Átakið er þríþætt og felst í að:



*Erna Reynisdóttir*

1) **vekja athygli almennings og ráðamanna** á hvernig réttindi barna sem búa við stríð eru brotin

2) **skora á stjórnvöld** að beita sér í tilteknum málum sem snúa að stríðsrekstri þar sem börn líða og þjást

3) **afla fjár** til stuðnings börnum sem búa við stríð

Þann 16. maí s.l. tóku þúsundir barna og fullorðinna um heim allan þátt í ákalli til ráðamanna heims um að stöðva stríð gegn börnum. Dagurinn markaði upphaf heimsátaksins og hér á Íslandi tóku um 500 börn þátt í viðburðinum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa sett sér háleit markmið um að safna 100 milljónum fyrir börn sem búa við stríð og leita því eftir stuðningi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda. Söfnunin gengur vel og erum við bjartsýn á að ná takmarkinu.

Framtíðarsýn Barnaheilla – Save the Children er heimur þar sem öll börn hafa jöfn tækifæri til að lifa og þroskast, hafa jafnan aðgang að gæðamenntun, lifa öruggu lífi án ofbeldis og vanrækslu og hafa tækifæri til að hafa áhrif á mál sem þau varða. Saman getum við breytt aðstæðum barna til batnaðar.

**Erna Reynisdóttir,**
**framkvæmdastjóri Barnaheilla –**
**Save the Children á Íslandi**

### HUNDRUÐUM MILLJÓNA BARNA HEFUR VERIÐ BJARGAÐ

SÁ ÁRANGUR SEM NÁÐST HEFUR Á HEIMSVÍSU HEFUR BJARGAÐ BERNSKU MILLJÓNA BARNA FRÁ 2000:

- 4,4 MILLJÓNUM FÆRRI BÖRN DEYJA Á HVERJU ÁRI
- 49 MILLJÓNUM FÆRRI BÖRN ERU MEÐ ÞROSKASKERÐINGU AF VÖLDUM VANNÆRINGAR
- 130 MILLJÓNUM FLEIRI BÖRN GANGA Í SKÓLA
- 94 MILLJÓNUM FÆRRI BÖRN STUNDA VINNU
- 11 MILLJÓNUM FÆRRI STÚLKUR ERU ÞVINGAÐAR Í HJÓNABAND
- 3 MILLJÓNUM FÆRRI FÆÐINGAR ERU MEÐAL UNGLINGSSTÚLKNA
- 12 ÞÚSUND FÆRRI BÖRN ERU MYRT Á ÁRI HVERJU



***María með dóttur sína Fatchimu sem er tæpra þriggja ára. Þær búa í þorpinu Douriou í Níger. Níger er eitt af þremur löndum þar sem hvað verst er að vera barn þrátt fyrir að þar hafi orðið hvað mestar framfarir í þágu barna. María þjáðist af vannæringu við 14 mánaða aldur. En með réttri næringu og hjálp hefur hún náð bata. Ljósmynd: Save the Children, Rachel Palmer.***

# FÖGNUM ÁRANGRI Á ALDARAFMÆLI

## VIÐTAL VIÐ HELLE THORNING-SCHMIDT, FRAMKVÆMDASTJÓRA BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN INTERNATIONAL

**Barnaheill – Save the Children fagna 100 ára afmæli á þessu ári. Á slíkum tímamótum er vel við hæfi að fara yfir farinn veg og rýna í samtíð og framtíð. Ég hafði samband við framkvæmdastjóra alþjóðasamtakanna, Helle Thorning-Schmidt, og bað hana að svara nokkrum spurningum. Fyrsta spurningin var hverju Barnaheill – Save the Children hafi áorkað á síðustu 100 árum.**



*Helle Thorning-Schmidt*

„Einstök saga okkar hófst árið 1919 þegar Eglantyne Jebb, stofnandi samtakanna, tók þá hugrökku ákvörðun að berjast fyrir því bjarga sveltandi börnum í Evrópu sem var í sárum eftir fyrri heimsstyrjöldina. Hún vakti athygli fólks á þjáningum barna í þeim löndum sem búið höfðu við umsátursástand og stofnaði fyrstu samtök í heimi sem unnu í þágu barna.

Á þessari fyrstu öld höfum við náð miklum árangri; hjálpað börnum að lifa af, læra og njóta verndar. Við störfum nú í yfir 120 löndum og náum til um 50 milljóna barna á hverju ári.

Á þeim tíma sem Barnaheill – Save the Children voru stofnuð dóu að jafnaði 30 af hverjum 100 börnum á unga aldri. Í dag eru það færri en fimm af hverjum 100. Það var einnig staðreynd á þessum tíma að aðeins 30 af hverjum 100 börnum lærðu að lesa og skrifa. Nú er læsi í heiminum nærri 85%. Börn nú til dags eru heilbrigðari, betur sett fjárhagslega og betur menntuð en nokkru sinni.

Stofnandi samtakanna, Eglanyte, skrifaði fyrstu drög að því sem nú er barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem er útbreiddasti mannréttindasáttmáli sögunnar. En þrátt fyrir öll þessi framfaraskref sitja milljónir barna ennþá eftir.“

*Hverjir eru hápunktar aldarafæmilsins?*

„Á árinu 1919 fögnum við því sem hefur áunnist í málefnum barna og beinum athygli að fjáröflunarstarfi okkar með því að setja af stað heimsátak undir kjörorðunum Stöðvum stríð gegn börnum (Stop the War on Children).

Í febrúar kynntum við nýja rannsókn sem varpar ljósi á óhugnanlegar staðreyndir um áhrif nútíma stríðsreksturs á líf barna. Eitt af hverjum fimm börnum býr á svæðum þar sem átaka gætir. Það eru fleiri börn en nokkru sinni frá því kalda stríðinu lauk.

Þessi börn þjást einnig meira vegna þess hvernig stríð eru háð nú til dags. Bardagar hafa færst inn í borgir, sprengiefni og efnavopn eru notuð á þéttbýlum svæðum, skólar eru skotmörk og neyðaraðstoð notuð sem vopn. Alþjóðalög eru gróflega brotin og börnin líða fyrir það.

Svo að heimsátak okkar snýst um ákall til leiðtoga heims um að gera meira til að vernda þessi börn. Þeir verða að verja alþjóðalög og draga þá sem gerast brotlegir til ábyrgðar. Við viljum líka að þeir verji auknu fjármagni í að hjálpa þessum börnum að byggja upp líf sitt á ný svo að þau hljóti menntun og stuðning vegna andlegrar heilsu.“

*Hvaða von berð þú í brjósti fyrir börn í dag, okkar framtíðarkynslóðir?*

„Þrátt fyrir að við höfum náð miklum árangri í þágu barna er enn langt í land. Of mörg börn eru enn rænd bernsku sinni vegna þess hver þau eru og hvar þau búa. Hvort sem það er vegna þess að þau eru börn sem búa á stríðshrjáðu svæði eða eru á flótta, eru stúlkur, eru með fötlun, eru af þjóðarbroti sem er í minnihluta eða börn frá dreifbýlum svæðum. Þetta veldur okkur hjá samtökunum reiði og vonbrigðum. Við teljum að öll börn eigi rétt á bernsku hver sem þau eru og hvaðan sem þau koma. Svo að við vinnum að því hörðum höndum að ná til barnanna sem búa við hvað mestan skort og eru hvað mest jaðarsett.“

*Hverju er brýnast að taka á varðandi réttindi og velferð bara um allan heim?*

„Við teljum að mesta áskorunin og sú brýnasta að takast á við sé sú staðreynd að fleiri börn en nokkru sinni eru á flótta eða búa á svæðum þar sem átök geisa. Þessi börn sjá og reyna hluti sem ekkert barn ætti að þurfa að upplifa.

Helmingur allra flóttamanna eru börn. Þau hafa þurft að flýja heimili sín og mörg þeirra lifa við frumstæðar aðstæður án réttrar fæðu, skjóls eða heilbrigðisþjónustu. Um leið og börnunum eru tryggðar grunnþarfir þurfa þau að búa við heilbrigði og við þurfum að sjá til þess að þau fari ekki á mis við menntun.

Meira en helmingur allra flóttabarna er ekki í skóla og það gerir þau útsettari fyrir misnotkun, áhrifum öfgahópa og mansali. Að ganga í skóla og læra forðar þeim frá slíkum hættum.

Við spurðum yfir 8.000 flóttabörn og fjölskyldur þeirra hvers þau óskuðu. 90% þeirra settu menntun í fyrsta sæti. Dag einn, þegar friður kemst á, vona ég að börnin sem hafa orðið að flýja stríðshrjáð lönd geti snúið heim og endurreist heimaland sitt. Til að geta það þurfa flóttabörn að vaxa og þroskast og verða verkfræðingar, arkítektar, læknar og verslunarfólk,“ sagði Helle Thorning-Schmidt að lokum.

**Aldís Yngvadóttir**

## 1919

**Eglantyne Jebb stofnaði Save the Children sjóðinn þegar hún varð vitni að hörmulegum aðstæðum barna í kjölfarið á fyrri heimsstyrjöldinni.**





## 1940

Gerð voru leiksvæði í loftvarnabyrgjum í stærstu borgum Bretlands til að hjálpa börnum að takast á við ástandið í seinni heimsstyrjöldinni. Slík svæði eru ennþá rekin af samtökunum víða um heim.



## 1954

Í lok Kóreustríðsins voru mörg þúsund börn ein og allslaus. Samtökin settu á fót heilsugæslustöð, mötuneyti og leikvöll í flóttamannabúðum í Pusan. Starf samtakanna með börnum í Kóreu varði í 20 ár.

1920 1930 1940 1950 1960

## 1921

Fyrsta stóra verkefnið vegna hungursneyðarinnar í Rússlandi – sem er sú mesta í sögunni.
Dreift var 600 tonnum af matvælum, sett voru upp 1400 eldhús og yfir 650.000 manns fengu mat.

## 1930

Fyrsta verkefnið í Afríku. Opnuð var miðstöð um velferð barna í Addis Ababa í Abyssiníu (nú Eþíópíu).



## 1924

Sáttmálinn um réttindi barna, sem Eglantyne Jebb gerði uppkast að, var tekinn upp af Þjóðabandalaginu, fyrirrennara Sameinuðu þjóðanna. Sáttmálinn varð grunnur að Barnasáttmála SÞ sem samþykktur var 1989.

## 1945

Strax ári eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar aðstoðuðu samtökin börn, fólk á vergangi, flóttamenn og þá sem komust lífs af úr útrýmingarbúðum á svæðum sem höfðu orðið illa úti í Frakklandi, Júgóslavíu, Póllandi og Grikklandi.

Save the Children
100 ÁRA

# ÖLD BREYTINGA Í ÞÁGU BARNA

**Barnaheill – Save the Children hafa barist fyrir því í hundrað ár að börn njóti heilbrigðis frá fyrstu tíð, fái tækifæri til menntunar og njóti verndar. Fyrir tilstilli dyggra stuðningsaðila hafa samtökin getað brugðist við hörmungum hratt og örugglega og komið á varanlegum breytingum í lífi milljóna barna til hins betra.**

1970 1980 1990 2000 2010 2020

## 1960

Í upphafi sjöunda áratugarins ráku samtökin lækna- og velferðarteymi í 17 löndum og hjálpuðu börnum og fjölskyldum þeirra í 26 löndum í Evrópu, Asíu, Afríku og Vestur-Indíum.

## 1970

Í lok áttunda áratugarins unnu samtökin með og fyrir börn í 120 löndum í sex heimsálfum.

## 1984

Starfsfólk samtakanna og samstarfsaðilar voru fyrst til að vekja athygli á yfirvofandi hungursneyð í Eþíópíu. Mat var dreift og dag hvern fengu 7.000 vannærð börn mat.
Á þessum áratug voru samtökin einnig í framvarðasveit alþjóðlegrar herferðar til að draga úr ungbarna- og mæðradauða.





## 1989

Barnaheill – Save the Children á Íslandi stofnuð. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, gerðist fyrsti stofnfélagi og verndari samtakanna. Barnasáttmálinn var samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

## 2006

Milli áranna 2006 og 2009 stóðu samtökin fyrir herferðinni *Endurskrifum framtíðina* sem hjálpaði 1,4 milljónum barna að komast í skóla á svæðum þar sem átök ríktu.



## 2014

Samtökin hjálpuðu 4,6 milljónum manna, þar af 2 milljónum barna, í nokkrum löndum Afríku þar sem Ebóluveiran geisaði.

## 2016

Þetta ár störfuðu samtökin í 125 löndum og náðu til yfir 175 milljóna barna.

## 2019

Samtökin settu af stað átakið *STÖÐVUM STRÍÐ GEGN BÖRNUM (STOP THE WAR ON CHILDREN)* í tilefni af aldarafmælinu, í ljósi hörmulegra aðstæðna 420 milljóna barna sem búa við stríðsástand í heiminum.



# *VINÁTTA* – LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ




**Aukin þekking og vitund er um að börn verði fyrir mestum áhrifum af umhverfinu á meðgöngu til tveggja ára aldurs og að á þeim tíma sé lagður grunnur að þroska, vellíðan og geðheilsu einstaklingsins fram á fullorðinsár. Því er mikilvægt að búa börnum sem best skilyrði, umhyggju og vernd frá upphafi. Fyrstu tengsl barnsins eru við foreldra og aðra umönnunaraðila. Á þeim tengslum byggja börnin svo önnur tengsl, svo sem við jafnaldra sína, þegar þau hefja leikskólagöngu eða dvelja hjá dagforeldri. Þá er mikilvægt að leikskólakennarar eða dagforeldrar hafi tæki til að vinna með samskipti barnanna.**

Það er því með stolti og gleði sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi bjóða nú leikskólum og dagforeldrum efni sem ætlað er börnum yngri en þriggja ára. Efnið kom út í janúar 2019 og er hluti af *Vináttu – Fri for Mobberi*, forvarnaverkefni gegn einelti. Efnisins var beðið með mikilli eftirvæntingu af þeim leikskólum sem nú þegar eru að vinna með *Vináttu* fyrir börn eldri en þriggja ára, enda mikil ánægja og árangur af því efni. Í byrjun árs 2019 voru meira en 50% leikskóla á Íslandi að vinna með það efni.

Námsefni Vináttu fyrir yngstu bekki grunnskóla er í tilraunavinnu í 19 grunnskólum. Nú stendur yfir endurgerð grunnskólaefnisins og þýðing á nýjum efnisþáttum. Stefnt er að því að nýtt og endurbætt grunnskólaefni komi út innan fárra mánaða og muni þá standa öllum grunnskólum landsins til boða. Þá munu Barnaheill bjóða upp á heildstætt forvarnaefni gegn einelti fyrir öll börn til níu ára aldurs.

*Vinátta – Fri for Mobberi* er gefið út í samstarfi við Red barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku, en þar kom það fyrst út árið 2007.

## FYRIR YNGSTU BÖRNIN

*Vinátta – Fri for mobberi* er byggt á rannsóknum sem benda til þess að einelti er félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein en ekki einstaklingsbundinn vandi og því ekki bundið við tiltekna einstaklinga eða persónueinkenni. Um er að ræða efni sem þjálfar félags- og tilfinningaþroska barna og stuðlar að góðum skólabrag og samkennd í barnahópnum. Mikilvægt er að búa börnum umhverfi samhygðar, samkenndar og vináttu, þar sem einelti og útilokun nær ekki að þrífast. Í því umhverfi eru fullorðnir fyrirmyndir barnanna í framkomu, hegðun, samskiptum við börnin og innbyrðis og hvernig andblæ þeir færa með sér inn í daglegt líf barnanna.

Í efninu fyrir yngstu börnin er sjónum einkum beint að þeim fullorðna og samskiptum hans við barnið. Rannsóknir sem efnið byggist á sýna að börn fara að mynda vináttutengsl mun fyrr en áður var talið og mikilvægt sé að hinir fullorðnu búi börnunum aðstæður sem stuðla að góðum samskiptum þeirra á milli. Vinir eru mikilvægir í lífi hverrar manneskju og hvert vinasamband er einstakt. Þess vegna er ekki hægt að skipta út einum vin fyrir annan – ekki heldur þótt maður sé eingöngu tveggja ára. Börn þroskast í leik með öðrum börnum, með sumum vinum er ærslast, með öðrum hlegið eða kubbað. Mikilvægt er að átta sig á að öll börn hafa þörf fyrir að tilheyra hópi, tilheyra samfélagi og að vera virt að verðleikum. *Vinátta* byggist á þessari sýn.

Leikskólakennarar hafa sagt að þeir sjái tilburði útilokunar og eineltis hjá börnum allt niður í eins árs aldur. Því þurfi að byrja sem fyrst að vinna með umhverfi barnanna, samskipti og félagsfærni. Þegar við kennum börnum að koma vel fram hvert við annað alveg frá unga aldri getum við fyrirbyggt að einelti komi upp síðar.

Rannsóknir sýna að *Vinátta – Fri for Mobberi* ber árangur. Börnin verða umhyggjusamari, hjálpsamari, læra að setja sér mörk og samkennd eykst í barnahópnum.

Barnaheill eiga þá von að innan tíðar muni einelti á Íslandi vera hverfandi og þátttaka sem flestra leik- og grunnskóla í *Vináttu* er stórt og mikilvægt skref í þá átt. Með *Vináttu* er lagður grunnurinn að góðum samskiptum, sterkri sjálfsmynd barna, vellíðan og umhyggju.

**Grunngildi *Vináttu***

**Umburðarlyndi**
Að líta á fjölbreytileika sem styrkleika og koma fram við alla af virðingu.

**Virðing**
Að virða og taka tillit til allra barna í hópnum, að vera öllum góður félagi og leyfa öðrum að njóta sín.

**Umhyggja**
Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd og hjálpsemi.

**Hugrekki**
Að þora að segja frá og setja mörk, að vera öðrum góður félagi og hafa hugrekki til að bregðast við óréttlæti.

Þetta eru þau grunngildi sem *Vinátta* byggist á og er ætlað að laða fram bæði hjá börnum og þeim fullorðnu sem taka þátt í verkefninu.

## NÁMSEFNIÐ

### Veggspjöld




Veggspjöld fyrir börn eru verkfæri til að nýta í umræðu um ákveðnar aðstæður eða um tilfinningar. Myndirnar sem teiknaðar eru á veggspjöldin sýna raunsannar aðstæður sem ýmist börn, starfsfólk eða foreldrar upplifa. Á þeim er lítil saga sem getur gefið innblástur þegar sagt er frá veggspjöldunum.

### Sögubók: Lítil bók um stórar tilfinningar




Í bókinni eru sviðsettar hinar ýmsu tilfinningar yngstu barnanna. Ný tilfinning er kynnt til sögunnar á hverri opnu og við hverja nýja tilfinningu eru tillögur um hvernig hægt er að ræða um og auka skilning barnanna á umræddri tilfinningu.

### Vísnabók: Lífið í leikskólanum




Lítið barn getur upplifað margs konar tilfinningar á einum og sama deginum, stympingar, bros og faðmlög. Bókin byggist á 12 litlum rímvísum um kunnuglegar aðstæður úr daglegu lífi barnsins í leikskólanum. Hverri vísu fylgja fáeinar spurningar og hugmyndir að verkefnum sem nýta má sem kveikju að samtali og samsömun á meðal barnanna.

### Verkefnahefti




Í verkefnaheftinu er að finna fjölda verkefna. Til dæmis nudd, hópleiki og taktæfingar til að nota með tónlistinni *Gott er að eiga vin – fyrir börn yngri en þriggja ára*, sem finna má á Spotify. Tónlistin er samin af Anders Bøgelund og sungin af Ragnheiði Gröndal og Stefáni Erni Gunnlaugssyni, eins og tónlistin fyrir eldri börn sem einnig er að finna á Spotify.

Í öllum verkefnum í verkefnaheftinu er áhersla á samvinnu og er ætlað að stuðla að samkennd og vináttu barnanna.

### Fróðleikur og leiðbeiningar fyrir starfsfólk




Í heftinu eru upplýsingar um *Vináttu*, rannsóknir og hugmyndafræði sem *Vinátta* byggist á auk fjölda hugmynda og verkefna.

### Bangsinn Blær



Stóri fjólublái bangsinn sem fylgir efninu heitir Blær. Blær er táknmynd vináttunnar – sameiginlegur vinur allra barnanna og miðpunkturinn í allri vinnunni við að byggja upp velferð og samhygð í hópnum.

Jafnframt er gert ráð fyrir að hvert barn fái lítinn bangsa, sem það getur leitað huggunar hjá og er einkavinur hvers barns.

*Framhald á næstu síðu.*

**Útgáfugleði**

Í tilefni af útgáfu á efninu fyrir börn yngri en þriggja ára var haldin útgáfugleði í leikskólanum Fífuborg í Reykjavík, en þar hefur verið unnið með *Vináttu* fyrir eldri börnin frá árinu 2016.

Margir góðir gestir komu á útgáfugleðina. Þeirra á meðal var forseti Íslands, hr. Guðni Th. Jóhannesson, sem er verndari *Vináttu*, og félags- og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason. Fluttu þeir báðir ávörp. Dagskráin hófst á því að börn í leikskólanum tóku nokkur af þeim lögum sem fylgja Vináttuefninu. Með þeim sungu Ragnheiður Gröndal og Stefán Örn Gunnlaugsson. Greinarhöfundur, verkefnisstjóri *Vináttu* hjá Barnaheillum, kynnti Vináttuverkefnið stuttlega og Halla Kjartansdóttir, sem þýddi efnið úr dönsku, las úr annarri af tveimur barnabókum sem eru hluti efnisins.





**Fræðsla fyrir foreldra**

Vegna fjölda fyrirspurna var ákveðið síðastliðið haust að bjóða upp á fræðslu um *Vináttu* fyrir foreldra. Foreldrar skipa stóran sess í *Vináttu* því þeir eru börnunum mikilvægar fyrirmyndir í orði og verki og þátttaka þeirra skiptir miklu máli. Þessi fræðsla hefur gefist vel og hafa foreldrar fengið tækifæri til að vinna með námsefnið auk þess sem góðar umræður hafa skapast um samskipti og mikilvægi þess að þau séu góð því það hefur áhrif á líðan barnanna.

**Upplifun kennara af námskeiðum**

Fjöldi kennara hefur sótt námskeið í notkun *Vináttu* og fylla þeir út matsblað að námskeiði loknu og eru meðal annars spurðir að því hversu vel þeir telja að námskeiðið muni nýtast þeim og hvort þeir telji að námsefni *Vináttu* gagnist í skólastarfi. Það er samhljóma álit þeirra allra að námskeiðin nýtist vel og að þeir kennarar sem sækja námskeið fái góða innsýn í námsefnið og notkun á því. „Yndislegt námsefni“, „loksins er komið námsefni sem tekur á þessum mikilvægu hlutum en er einfalt í notkun“ og „skemmtilegasta námskeið sem ég hef farið á og það er líka svo hagnýtt“ eru dæmi um ummæli sem kennarar hafa látið falla. Námskeiðin verða þó áfram í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að höfða sem best til kennara og að þau nýtist þeim sem best í leik og starfi.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
**og Linda Hrönn Þórisdóttir**



# BARNAHEILL OG BLÁTT ÁFRAM SAMEINA KRAFTANA

**Í byrjun mars á þessu ári tóku stjórnir Barnaheilla og Blátt áfram þá ákvörðun að sameina krafta sína undir nafni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Verkefni Blátt áfram verða því hluti af þeirri starfsemi Barnaheilla sem snýr að vernd barna gegn ofbeldi.**



***Þær Sigríður Björnsdóttir (t.v.) og Harpa Rut Hilmarsdóttir formenn samtaknna skrifa undir samning um sameiningu.***

Tilgangurinn með sameiningunni er að samnýta krafta beggja samtaka að því sameiginlega markmiði að berjast gegn ofbeldi á börnum. Verkefni Blátt áfram munu því áfram snúast um vernd gegn ofbeldi á börnum. Þau felast að stærstum hluta í vitundarvakningu, fræðslu og forvörnum á því sviði. Samtökin vilja með þessu sýna gott fordæmi og trúa því að sameinuð séu þau sterkari rödd og öflugra hreyfiafl með þekkingu og reynslu innanborðs. Þau geti því frekar náð fram enn meiri árangri í baráttunni gegn ofbeldi á börnum en hingað til.

“Við teljum þetta vera mikilvæg skilaboð til samfélagsins um að við séum sífellt að leita leiða til að verða enn sterkari málsvari barna. Með þessu skrefi er verið að samnýta krafta og þekkingu félaganna, með sameinuðum kröftum erum við enn öflugri málsvarar fyrir börn. Barnaheill eru virt samtök á alþjóðavísu og við teljum að verkefni Blátt áfram muni dafna innan raða Barnaheilla.” sagði Sigríður Björnsdóttir formaður Blátt áfram.

“Barnaheill verða áfram ein öflugustu frjálsu félagasamtökin á Íslandi sem vinna að vernd barna gegn ofbeldi og forvörnum á því sviði. Blátt áfram hafa unnið gríðarlega gott starf varðandi vernd gegn kynferðisofbeldi á börnum. Við erum mjög stolt af því að þau sameini starfsemi sína Barnaheillum.” sagði Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður Barnaheilla.

Framkvæmdastjóri Barnaheilla verður áfram Erna Reynisdóttir en við starfslið Barnaheilla bætast tveir starfsmenn frá Blátt áfram. Starfsemi samtakanna var á tveimur stöðum fyrstu vikurnar en frá og með 1. júlí verður öll starfsemin í Fákafeni 9 í Reykjavík.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Landsvirkjun

Hvalur hf.

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

# ENN ÖFLUGRI SAMAN

**Samtökin Verndarar barna – Blátt áfram voru stofnuð árið 2004 í þeim tilgangi að sinna forvörnum gegn kynferðisofbeldi á börnum. Stofnendurnir voru tvíburasysturnar Sigríður og Svava Björnsdætur sem báðar voru beittar kynferðisofbeldi í æsku af stjúpföður sínum. Þær leituðu ekki hjápar fyrr en á fullorðinsárum þegar gengið hafði á ýmsu í þeirra lífi og þær farið út af beinu brautinni. Þegar þær fóru að vinna í sínum málum áttuðu þær sig á hversu algengt kynferðisofbeldi gegn börnum væri og spurðu sig að því hvers vegna ekki væri meira gert í þessum málum hér á landi. Þær systur ræddu þetta sín í milli og Svava, sem búsett var í Bandaríkjunum, fann efni á netinu frá samtökunum Darkness to Light sem þær fengu leyfi til að þýða og nota hér á landi. Fyrst hétu samtökin Blátt áfram og störfuðu undir hatti UMFÍ. Merki samtakanna er blá slaufa sem er alþjóðlegt tákn um forvarnir gegn ofbeldi á börnum. Þannig að nafnið vísar til bláu slaufunnar og þess að tala opinskátt um kynferðisofbeldi gegn börnum. Starfsemin óx hratt og að því kom að starfið varð of viðamikið til að heyra undir UMFÍ. Árið 2006 urðu samtökin alveg sjálfstæð. Nú, á 15 ára afmæli samtakanna, hafa enn orðið vatnaskil í starfinu þar sem samtökin hafa sameinast Barnaheillum – Save the Children á Íslandi.**



***Sigríður Björnsdóttir.***

Ég settist niður með Sigríði Björnsdóttur, framkvæmdastjóra Verndara barna – Blátt áfram og annars af stofnendum samtakanna, sem gaf sér tíma í miðri annasamri landssöfnun til að segja mér frá samtökunum, sameiningunni og því sem framundan er. En fyrst fáum við aðeins að kynnast Sigríði sjálfri. Hún býr í Kópavogi og á tvö uppkomin börn. Sigríður hefur fjölbreytta menntun að baki. Hún er sálfræðingur og starfar við það í hálfu starfi á móti framkvæmdastjórastarfinu. Þá hefur hún einnig lokið námi í mannauðsstjórnun, markþjálfun og höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð. Fjölskylda hennar stendur þétt að baki henni. En hún á móður og tvær systur sem búa í Bandaríkjunum og tvo hálfbræður sem búsettir eru hér á landi.

Þær systur Svava og Sigríður störfuðu saman við rekstur samtakanna fyrstu árin. Þörfin fyrir fræðslu og leiðsögn var gríðarleg. Þær buðu upp á námskeiðið Verndarar barna fyrir forvarnafulltrúa skóla og fleiri fagaðila, að fyrirmynd Darkness to Light, og lögðu áherslu á að sveitarfélög tækju ábyrgð á því sjálf að sinna forvörnum á þessu sviði. Fljótlega bættist brúðuleikhússsýningin *Krakkarnir í hverfinu* við fræðsluna sem í boði var. Hún var sýnd í skólum, í samvinnu við Brúðuleikúsið. Þar var áhersla á að auðvelda börnum að segja frá ofbeldi sem þau verða fyrir. Undanfari sýningar var fræðsla fyrir starfsfólk skólanna. „Það þarf að fara saman fræðsla til starfsfólks og barna, að starfsfólk hafi fengið fræðslu áður en sagt er við börnin: ‚ef þú segir frá færðu hjálp' svo starfsfólk treysti sér til að taka á málum og leiðbeina börnum sem segja frá," segir Sigríður.

Fræðslustarf samtakanna er fjölþætt. Boðið er upp á fræðslu fyrir lífsleiknitíma í 7. til 10. bekk. Samtökin hafa umsjón með teiknimyndinni *Leyndarmálið* sem upplýsir börn um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig þau geti brugðist við slíku sem gerð var að tilstuðlan samtakanna Réttinda barna. „Hvort sem það er lífsleiknin, *Leyndarmálið* eða brúðuleikhúsið það er alltaf að minnsta kosti eitt barn sem segir frá, að lágmarki, það er okkar reynsla í öll þessi ár. Þannig að við vitum að fræðslan hefur alltaf áhrif. Að minnsta kosti eitt barn fær hjálp." En meginþungi fræðslustarfsins beinist að fullorðnum og þar ber hæst námskeiðið Verndarar barna sem hóf göngu sína 2006. Búið er að meta efnið hér á landi. „Matið sýndi að fólk breytir hegðun sinni eftir að hafa setið námskeið. Það fær vitneskju á námskeiðinu og áttar sig á hvernig það á að bregðast við þegar barn segir frá. Mér finnst rosalega fallegt að sjá fólk labba héðan út af námskeiði með Súperman-skykkjur." Námskeiðið Verndarar barna hefur nú verið endurgert frá grunni með íslensku efni. Sigríður segist gjarnan vilja sjá fleiri foreldra koma á námskeiðin. Í því ljósi skrifuðu hún og Kristín Berta Guðnadóttir, félagsráðgjafi, bókina *Einkastaðir líkamans* um hvernig foreldrar og uppalendur geta nálgast umræðuna um einkastaði líkamans og að setja mörk.

*En hvernig kom þessi sameining við Barnaheill til?*

„Þetta var í raun mjög góð tímastetning. Ég skynjaði þörfina á að sinna sálfræðistarfinu og fræðslu í fullu starfi og auglýsti eftir framkvæmdastjóra. Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Baraheilla, sá auglýsinguna og hafði samband. Við hittumst og hún seldi mér þessa hugmynd um sameiningu. Við erum að vinna nánast að því sama, að vinna gegn ofbeldi á börnum, nema að við höfum haldið okkur markvisst við að vinna gegn kynferðisofbeldi en höfum jafnvel viljað víkka það út í allt ofbeldi gegn börnum. Við fórum í smá greiningarvinnu og þetta small allt saman." Samlegðaráhrifin eru augljós að mati Sigríðar þar sem sérþekking og reynsla starfsfólks nýtist á báða bóga.

Framundan að lokinni landssöfnun, sem er mikilvæg fjáröflun fyrir starfið og um leið kynning á málstaðnum, er sameiningin við Barnaheill undir sama þaki. Það sem tekur svo við eru námskeiðin Verndarar barna þar sem ætlunin er að þjálfa fleiri leiðbeinendur til að fræða fagfólk og aðra sem vinna með börnum og unglingum og auðvelda því að hjálpa og hlusta á börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi.

Sigríður bendir á að með því forvarnastarfi sem samtökin og ýmis önnur samtök vinna að sé ekki aðeins verið að koma í veg fyrir ofbeldi og kynferðisofbeldi gegn börnum heldur sé ávinningurinn einnig fólginn í því að fækka sjálfsvígstilraunum og fyrirbyggja að fólki leiðist út í fíknir eða aðra áhættuhegðun. „Með því að sameinast Barnaheillum getum við verið enn öflugri í að fyrirbyggja ofbeldi ekki bara hér heldur líka í öðrum löndum. Ég er rosalega spennt fyrir framtíðinni og það er gaman að þessi sameining skuli vera á merkilegum tímamótum þegar við erum 15 ára og Barnaheill 30 ára," segir Sigríður að lokum.

**Aldís Yngvadóttir**

## VERNDARAR BARNA




Námskeiðið Verndarar barna er fræðsla í forvörnum og viðbrögðum við kynferðisofbeldi á börnum. Markmiðið er að veita fullorðnu fólki öfluga fræðslu og markvissa þjálfun í að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðisofbeldi af festu og ábyrgð.

## BELLANET




Bellanet er þjálfun fyrir leiðbeinendur sem vinna með börnum og unglingum. Markmiðið er að veita leiðbeinendum verkfæri til að styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu ungs fólks en jafnframt að vera forvörn gegn áfengis- og vímuefnaneyslu.

## EINKASTAÐIR LÍKAMANS




Bók um einkastaði líkamans og að setja mörk. Ætluð foreldrum og uppaldendum til að auðvelda þeim að ræða við börn um málefnið.

## STUÐNINGSHÓPUR

VERNDARAR BARNA
BLÁTT ÁFRAM

Fyrir foreldra barna sem hafa lent í kynferðisofbeldi.

# BARNAHEILL – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI FLYTJA Í FÁKAFEN 9, Í REYKJAVÍK

**Í júnímánuði flytjum við starfsemi okkar í Fákafen 9, 2. hæð.**
**Ný skrifstofa samtakanna opnar þar eftir sumarleyfi 6. ágúst 2019.**



# BÖRN ERU LÍKA HINSEGIN

**Samtökin '78 hlutu Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2018 fyrir fræðslu, félagsstarf og ráðgjöf um hinsegin málefni sem er sérstaklega sniðin að börnum og ungu fólki og fjölskyldum þeirra. „Það er ómetanlegt fyrir börn og ungt fólk sem er að fóta sig í lífinu sem hinsegin einstaklingar að hafa aðgang að ráðgjöf, félagslegum stuðningi og fræðslu sem samtökin veita. Það auðveldar þeim að lifa til fulls í sátt við sig sjálf eins og þau eru," sagði í rökstuðningi fyrir viðurkenningunni.**



*Sigríður Birna Valsdóttir.*

Ég mælti mér mót við Sigríði Birnu Valsdóttur, ráðgjafa hjá Samtökunum '78, á kaffihúsi miðsvæðis í Reykjavík til að forvitnast nánar um samtökin og það starf sem þar er unnið. En fyrst lék mér forvitni á að vita aðeins meira um Sigríði Birnu sjálfa.

„Ég er menntuð kennari en fór svo og lærði leiklistarmeðferð í New York. Það var fyrir 18 árum. Síðar bætti ég við mig fjölskyldumeðferð á meistarastigi frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Ég vinn í Hagaskóla við ráðgjöf og leiklistarkennslu. Eins hef ég alltaf starfað sjálfstætt sem fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur, kennt námskeið í LHÍ og ýmislegt fleira." Síðustu tíu árin hefur Sigríður Birna verið ráðgjafi hjá Samtökunum ´78. Það er starf sem tekur sífellt meiri tíma enda ráðgjafarþjónusta Samtakanna ´78 vaxið gríðarlega á fáum árum.

Fræðsla er ríkur þáttur í starfi samtakanna. „Skólar, félög, vinnustaðir og í raun hver sem er getur leitað til fræðsluþjónustu samtakanna og óskað eftir fræðslu. Leik-, grunn- og framhaldsskólar leita mikið eftir fræðslu. Við sinnum líka fræðslu til félagsmiðstöðva, félagsþjónustu og heilsugæslu. Í raun ættu allir sem vinna með börnum og ungmennum að nýta sér þessa þjónustu því þeir munu þurfa að fást við eitthvað sem snýr að hinsegin málefnum, það er alveg á hreinu."

Eins og fram hefur komið hefur ráðgjafarþjónusta samtakanna vaxið mikið á undanförnum árum. Sex ráðgjafar vinna hjá ráðgjafarþjónustunni, sálfræðingar, fjölskyldufræðingar, félagsráðgjafar og meðferðarfræðingar. „Ég hef sérhæft mig í ráðgjöf við trans börn og ungmenni og aðstandendur þeirra. Stór hluti af skjólstæðingum mínum eru fjölskyldur með ung börn. Ég leiði stuðningshópa fyrir aðstandendur trans barna og ungmenna og einnig stuðningshópa fyrir trans ungmenni. Í hverjum mánuði koma í kringum 20 ungmenni á þessa fundi alveg frá 13 ára aldri. Þannig að það er gífurleg þörf á þessu starfi."

Ásamt fræðslunni og ráðgjafaþjónustunni reka Samtökin '78 félagsmiðstöð í samstarfi við Reykjavíkurborg fyrir hinsegin ungmenni. Félagsmiðstöðin er opin ungmennum á aldrinum 13–17 ára og er opið einu sinni í viku. Starfið er rekið af starfsmanni Reykjavíkurborgar í hlutastarfi ásamt öflugum hópi sjálfboðaliða og er mikil þörf á að auka starfsemina sökum mikillar ásóknar.

## KYNRRÆNT SJÁLFRÆÐI

Hagsmunagæsta og barátta fyrir réttindum hinsegin fólks er ennþá veigamikill þáttur í starfi Samtakanna ´78 og mikið hefur áunnist á þeim árum sem samtökin hafa verið starfandi. Efst á baugi í þeim efnum þessa dagana er frumvarp um kynrænt sjálfræði sem nú er til umræðu á Alþingi. Markmið frumvarpsins er að standa vörð um rétt einstaklings til líkamlegrar friðhelgi. „Þetta verður mikil réttarbót fyrir trans og intersex fólk á Íslandi. Trans fólk mun til dæmis geta breytt kynskráningu sinni í samræmi við eigin upplifun á kynvitund sinni án allra skilyrða. Einstaklingar þurfa þá ekki lengur að fá greiningu á svokölluðum „kynáttunarvanda" og leyfi frá lækni eða öðrum innan heilbrigðisþjónustu til þess að breyta nafni og kyni sínu í Þjóðskrá. Með því að geta óhindrað breytt nafni sínu og kyni í Þjóðskrá hlýtur trans fólk fullan sjálfsskilgreiningarrétt. Við vonum að frumvarpið muni líka ná yfir börn með ódæmigerð kyneinkenni, að ólöglegt verði að framkvæma aðgerðir á intersex börnum án þeirra samþykkis. Slíkar aðgerðir geta haft gífurleg áhrif á líf einstaklings síðar meir og skert lífsgæði þeirra til frambúðar. Samþykkt þessa frumvarps mun bæta líf alls trans fólks alveg rosalega. Eins og staðan er í dag er ekki hægt að fá í gegn nafna- og kynskrárbreytingu fyrr en við 18 ára aldur og það hefur valdið mörgum alveg ofboðslegri vanlíðan og skertum lífsgæðum."

## TRANS OG KYNJABOX

Ég bað Sigríði Birnu að útskýra fyrir mér hugtakið trans. „Trans eru öll þau sem ekki eru sátt í sínu kyni. Trans kona er kona sem var úthlutað karlkyni við fæðingu og trans maður er maður sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu. Sumt transfólk velur að fara í leiðréttingarferli, taka hormóna eða fara í aðgerðir en ekki allt. Trans er í raun regnhlífarhugtak og undir regnhlífina

## NOKKUR HINSEGIN ORÐ OG HUGTÖK

**Kynvitund** segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekkert með kynfæri, líffræði eða útlit að gera, heldur með upplifun okkar af eigin kyni.

**Sískynja** er fólk sem er sátt við það kyn sem það fékk úthlutað við fæðingu og upplifir ekki að það stangist á við kynvitund sína (er ekki trans).

**Trans kona** er kona sem var úthlutað karlkyni við fæðingu.

**Trans karl** er karl sem var úthlutað kvenkyni við fæðingu.

**Kynsegin** fólk tengir hvorki við að vera karl eða kona, er blanda af hvoru tveggja eða flakkar á milli.

**Kyneinkenni** segja til um hvernig líkaminn okkar starfar og hefur því eingöngu með líffræði að gera. Kyneinkenni ná t.d. yfir hormónastarfsemi líkamans, litninga og ytri og innri kynfæri.

**Intersex fólk** fæðist með ódæmigerð kyneinkenni sem stangast á við staðlaðar hugmyndir um hvernig líkamar karla og kvenna líta út eða starfa.

**Markkynja fólk** fæðist með dæmigerð kyneinkenni sem falla að stöðluðum hugmyndum um hvernig líkamar karla og kvenna líta út eða starfa.

**Kyntjáning** segir til um hvernig við tjáum kyn okkar út á við, svo sem hvernig við klæðum okkur, berum okkur, tjáum okkur, tölum, klippum hárið og hvernig almennt fas okkar er.

**Karllæg kyntjáning** er í samræmi við væntingar um tjáningu sem bornar er til karlmanna.

**Kvenlæg kyntjáning** er í samræmi við væntingar um tjáningu sem bornar eru til kvenmanna.

**Ódæmigerð kyntjáning** er á einhvern hátt á skjön við væntingar sem bornar eru til fólks út frá kyni.

**Gagnkynhneigð** er að laðast að fólki af öðru kyni.

**Samkynhneigð (hommar/lesbíur)** að laðast að fólki af sama kyni.

**Tvíkynhneigð** er að laðast að fólki af fleiri en einu kyni.

**Pankynhneigð** er það að laðast að fólki óháð kyni.

**Eikynhneigð** er það að laðast lítið eða ekkert kynferðislega að öðru fólki.

fellur líka kynsegin fólk. Það eru þau sem passa ekki í kynjaboxin, upplifa sig bæði karl og konu, hvorki karl né konu eða flakka á milli. Margt kynsegin fólk notar fornafnið „hán“, en ekki öll.“ Sigríður Birna segir að hún berjist mikið fyrir því að við séum ekki svona föst í þessum kynjaboxum og finnst slæm orðræðan um stráka-þetta og stelpu-hitt. Henni finnst að þrátt fyrir að við höfum náð langt á ýmsum sviðum í sambandi við jafnrétti og fjölbreytileika séu kynjaboxin jafnvel sterkari í dag en fyrir 20 árum. „Þá voru litir ekki svona mikið stelpu og stráka eða bleika og bláa deildin í leikfangabúðum. Það er mjög áberandi hjá krökkum í dag hvað er stelpu og hvað er stráka. Og foreldrar sem eru að ala upp trans barn verða sérstaklega varir við þetta. Þú ferð varla inn í nokkra búð til þess að kaupa eitthvað fyrir börn án þess að vera spurð: hvort er það strákur eða stelpa?“ Sigríður Birna óskar þess að við gætum breytt þessu svo börn geti notið þess hversu fjölbreytt þau eru óháð kyni.

### HINSEGIN HUGTÖK

Talið berst að fleiri hinsegin hugtökum og skilgreiningum á þeim. Þarna er kynslóðabil að mati Sigríðar Birnu. „Eldra fólk skilur oft ekki orð eins og kynvitund, kyntjáning eða kynsegin. Því finnst erfitt eða óþægilegt að nota fornafnið hán og nota hvorugkyn þegar það talar við fólk, til dæmis segja „ertu svangt“. Unga fólkið er alveg ljósárum á undan eldri kynslóðum og finnst þetta ekkert mál. Allt sem hefur að gera með hinseginleika og kyn er miklu meira flæðandi og einfaldara fyrir yngri kynslóðir en eldri. Þessu finn ég líka fyrir í ráðgjöfinni. Foreldrar eru hræddir um börn sín út frá sínum reynsluheimi. Ef þeir eru komnir yfir fertugt er þeirra reynsluheimur oft sá að ungmenni sem er trans hefði hugsanlega verið áreitt eða lent útundan. Hræðslan sprettur af þessu. Ég reyni hins vegar að sannfæra foreldrana um að trans börn og hinsegin ungmenni hafi alveg jafn mikla möguleika á að vera hamingjusöm, ná langt í lífinu eða eignast fjölskyldu eins og allir aðrir. Fordómarnir í samfélaginu hafa minnkað alveg gífurlega. Það er miklu einfaldara að vega hinsegin í dag en það var fyrir einhverjum árum síðan.“

### BREYTUM ORÐRÆÐUNNI

„Ég myndi líka vilja að við gætum breytt orðræðunni og hvernig við tölum um stelpur og stráka. Við erum svo föst í því að strákar eru með typpi og stelpur með píku. Við ættum í raun bara að tala um fólk með píku og fólk með typpi. Ég kenni til dæmis stráknum mínum, sem er sex ára, að sumir séu með typpi og sumir með píku og hann veit alveg að sumar stelpur geta verið með typpi og sumir strákar með píku og honum finnst það bara ekkert mál. Við erum ólík og við verðum að geta lifað með því. Við verðum að umbera það og við eigum ekki að segja fólki hvernig það á að tjá kyn sitt. Barn fæðist. Ef barnið er með typpi þá ákveðum við strax hvaða leið það á að fara í lífinu. Við ákveðum að það á að fara í fótbolta, hafa gaman af bílum og leika með pleimó. Það á ekki að fara í ballett og ekki gera þetta eða hitt, það á að ganga í þessum fötum og ekki setja teygju í hárið á sér. Við ákveðum þetta bara ómeðvitað. Við erum bara búin að ákveða framtíð þessa barns af því að það er með typpi og það sama á við um barnið með píku. Mestu forvarnirnar felast í að breyta þessu. Að taka út þessa kassa. En við megum alveg ganga í bláu og spila fótbolta ef við erum með typpi, það á ekki að vera bannað. Við megum nákvæmlega vera eins og við viljum en það á ekki að skipta máli hvort þú ert með typpi eða píku hvort við höfum áhuga á þessu eða hinu. Ef allir fengju að vera nákvæmlega eins og þeir eru þá værum við að bjarga líðan ótrúlega margra ungmenna. Því það eru mjög mörg börn með ódæmigerða kyntjáningu sem þýðir að þau falla ekki inn í þessa kassa. Það þýðir ekki að þau séu trans eða hinsegin, þau bara passa ekki í þessa kassa og lenda í einhvers konar áreiti vegna þess. Ég berst mikið fyrir því að breyta þessu.“

Sigríður Birna bendir á að þetta eigi ekki bara við í orðræðunni um stelpur og stráka. Það sé óskaplega ríkt í okkur að gera ráð fyrir að allar fjölskyldur séu steyptar í sama

mótið. En fjölskyldur eru alls konar og það er mjög mikið af börnum á Íslandi sem eiga tvær mömmur eða tvo pabba eða búa við annað fjölskylduform. Samt erum við mjög föst í því að spyrja börn: „Hvar eru mamma þín og pabbi?“ Og börn eru iðulega spurð í leikskóla hvort mamma þeirra eða pabbi komi að sækja þau.

## FRÁBÆRT AÐ FÁ VIÐURKENNINGUNA

Þá víkur sögunni að Viðurkenningunni. „Mér og okkur öllum hjá samtökunum þótti frábært og mjög vænt um að fá Viðurkenningu Barnaheilla. Okkur þótti virkilega vænt um að einhver tæki eftir þessu starfi sem við erum að vinna með börnum og ungmennum af því að margir tengja ekki endilega Samtökin ’78 við barna- og ungmannastarf. Hins vegar er fræðslan og ráðgjöfin einn stærsti þáttur starfsins og mikilvæg forvörn. Foreldrar hafa bent á að fræðsla um fjölbreytileika og hinseginleika ætti að vera almennari og fara fram sem fyrst innan skólakerfisins en ekki bara þegar það kemur í ljós að það er hinsegin barn, til dæmis trans barn, í skólanum.“

## FÉLAGSMIÐSTÖÐIN MJÖG MIKILVÆG

Sigríður Birna segir frá hinsegin félagsmiðstöðinni sem Samtökin ´78 starfrækja í samstarfi við Reykjavíkurborg og hún telur mjög mikilvægan þátt í starfseminni. „Það koma yfir 50 krakkar á hverja opnun svo það er ofboðsleg þörf á að auka þá starfsemi. Það væri frábært ef við gætum boðið upp á meira hópastarf og meira sérhæft starf til dæmis sjálfstyrkingarnámskeið og starf með yngri börnum. Félagsmiðstöðin býður upp á öruggt umhverfi. Mörg sem þangað leita hafa upplifað áreiti í sínu skólaumhverfi og upplifa sig ekki örugg í félagsmiðstöð hverfisins. Þó að fordómarnir séu minni er það ennþá svo að ef þú ert á einhvern hátt öðruvísi þá getur þú lent í áreiti. Og þó að þú lendir ekki í áreiti getur verið að þú samsamir þig ekki, finnir þig ekki og sért leitandi. Upplifir að þú tilheyrir ekki hópnum. Til að mynda samkynhneigt ungmenni þar sem vinirnir eru alltaf stöðugt að tala um hitt kynið og þú átt bara að laga þig að því. En þegar þú kemur í félagsmiðstöðina er það kannski í fyrsta skipti í lífinu sem þú upplifir að þú átt heima einhvers staðar og það er svo mikilvægt.“

Að lokum gefur Sigríður Birna okkur heilræði:

„Unga fólkið óskar þess að fólk taki hlutunum ekki svona alvarlega, slappi svolítið af gagnvart þessum hinseginleika og sé ekki hrætt – það er ekkert hættulegt við þetta. Ég vildi óska að við gætum slakað aðeins á í þessari kynjatvíhyggju og leyfðum fólki að tjá kyn sitt nákvæmlega eins og það vill án þess að við skiptum okkur af því.“

**Aldís Yngvadóttir**


LITRÓF
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
VATNAGARÐAR 14 • 104 REYKJAVÍK
SÍMI 563 6000 • LITROF.IS





Við getum aðstoðað
Stundum þarf liðsauka á heimilið. Þar getum við aðstoðað. Hjá okkur færðu úrval af allrahanda smávöru fyrir smáfólk.
Opið alla daga frá 8–24
í Lágmúla, á Smáratorgi
og á Granda.
lyfja.is
LYFJA – Lifið heil



Uppspretta ánægjulegra viðskipta
LIND FASTEIGNASALA
Sími: 510 7900 - Hlíðasmára 6

# HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG BÖRN




Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Save the Children samtakanna, enda er saga samtakanna og sáttmálans samofin. Það var stofnandi Save the Children, Eglantyne Jebb, sem samdi fyrstu drög að sáttmála um mannréttindi barna fyrir nær hundað árum. Endanlegur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var svo samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Sáttmálinn á að tryggja börnum heims mannréttindi, öryggi og vernd, góð lífsskilyrði og tækifæri. Þrátt fyrir að mikið hafi áunnist í réttindum barna á þessum þrjátíu árum er þó víða langt í land og á það ekki síst við um velferð þeirra barna sem búa við fátækt og stríðsátök. Jafnframt stendur alþjóðasamfélagið sífellt frammi fyrir nýjum áskorunum, sem mikilvægt er að takast á við, og nýjir sáttmálar eru gerðir. Nú hafa þjóðir heims skrifað undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins og Jarðarinnar. Friður og að útrýma fátækt eru þar brýnasta verkefnið.

Heimsmarkmiðin 17 eru samofin og með vinnu að einu markmiði má ekki vinna gegn öðru. Mikilvægt er að allir þeir sem vinna með börnum og að málefnum þeirra samþætti sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð inn í allt sitt starf. Heimsmarkmiðin eru þar góður vegvísir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa nú kortlagt öll sín verkefni og starf með tilliti til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og munu hafa þau, auk Barnasáttmálans, að leiðarljósi við alla vinnu.

Heimsmarkmiðunum eigum við að hafa náð árið 2030. Það barn sem fæðist árið 2019 verður 11 ára árið 2030. Við þurfum að hafa hraðar hendur. Við getum ekki skorast undan því að takast á við þetta brýna verkefni til að tryggja börnum okkar þau mannréttindi og velferð sem þau eiga rétt á.

## LOFTSLAGSBREYTINGAR

Eitt af heimsmarkmiðunum Sameinuðu þjóðanna er markmið númer 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum.

Þetta markmið lætur ekki mikið yfir sér, en ljóst er að ef ekki tekst að grípa til aðgerða gegn þeirri vá sem steðjar að loftslagi okkar, og þar með lífi á jörðinni, verður erfitt að framfylgja hinum markmiðunum sextán.

Í áratugi hafa fræðimenn varað við loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Almenningur hefur að mestu yppt öxlum og ráðamenn lítt hlustað. Nú er svo komið að áhrif lofstlagsbreytinga eru ekki í hugsanlegri fjarlægri framtíð heldur beint fyrir framan nefið á okkur og ekki er lengur hægt að líta undan. Bráðnun jökla, öfgar í veðurfari, útdauði tegunda, aukin eyðimerkurmyndun, hækkun sjávarborðs og aukin flóð eru dæmi um áhrif breytinganna. Þessar breytingar hafa mest áhrif á þær þjóðir sem nú þegar standa höllum fæti og búa við erfiðar aðstæður og fátækt. Fólk á flótta vegna loftslagsbreytinga er orðinn veruleiki og mun síst minnka á komandi árum.

Já við höfum skellt skollaeyrum við vandanum í allt of langan tíma en börnin okkar kalla á aðgerðir. Börnin okkar gera sér grein fyrir að það er þeirra framtíð og lífsmöguleikar sem eru í húfi. Við einfaldlega verðum að hlusta á börnin sem fara í verkfall fyrir jörðina og loftslagið. Ráðamenn verða að hlusta en hvert og eitt okkar getur gert margt. Við getum flest öll breytt ferðavenjum okkar og neyslu. Við getum minnkað sóun, aukið nýtni, keypt minna og þá endingargott og ekki einnota. Við getum skoðað hvaðan vörurnar koma, keypt matvæli sem eru ekki mikið unnin og hafa ekki veri flutt um langan veg. Við getum dregið verulega úr kjötneyslu og við getum kolefnisjafnað ferðir okkar og neyslu. Orkuskipti í samgöngum er eitt brýnasta verkefnið þannig að skipt verði út jarðefnaeldsneyti fyrir rafmagn eða aðra vistvæna orkugjafa. Og bensín- og díselbílar eiga aldrei að vera í lausagangi!

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá skoðanir sínar um þau mál sem þau varða og hafa áhrif. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra varða svo sannarlega börn. Tökum höndum saman, göngum til liðs við börnin og grípum til aðgerða strax.

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**



*Hópur úr ungmennaráði Barnaheilla sem sótti norrænan samstarfsfund í Noregi.*

# UNGMENNARÁÐ BARNAHEILLA

**Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi var stofnað árið 2008 og er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13–25 ára. Hópurinn vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum sem varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku í að móta það samfélag sem þau eiga aðild að. Ungmennaráðið er jafnframt Barnaheillum til ráðgjafar og aðstoðar í ýmsum verkefnum á vegum samtakanna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós ungmennaráðsins eins og samtakanna sjálfra.**

Í ungmennaráðinu er unnið fjölbreytt starf. Ungmennaráðið ásamt ungmennaráði Unicef og ráðgjafahópi umboðsmanns barna, sáu um fræðslu fyrir nýja talmsenn barna á Alþingi í febrúar 2018. Athöfn vegna undirskriftar talsmannanna var 19. mars og voru meðlimir ungmennaráðanna þriggja viðstaddir og fluttu stutt ávarp. Meðal viðburða á vegum ungmennaráðsins eru fræðsludagar. Á síðasta fræðsludegi fengu meðlimir ráðsins og aðrir góðir gestir hinseginfræðslu frá Samtökunum ´78 og Najmo Fiyasko, sem situr í stjórn ungmennráðsins, sagði sína sögu en hún er frá Sómalíu og flúði hingað til lands 16 ára gömul.

Vinaverkefni ungmennráðs Barnaheilla er hugsað fyrir unga nýbúa á Íslandi sem vilja kynnast íslenskum unglingum og hvað þeir gera sér til gamans. Vinaverkefnið er líka fyrir íslensk ungmenni til að kynnast ungum nýbúum landsins. Vinaverkefnið hefur verið eitt viðamesta verkefni ungmennaráðsins síðustu ár. Ýmsar uppákomur hafa verið í tenglsum við vinaverkefnið. Má þar nefna salsaball, páskabingó og kaffihúsahitting. Norrænt samstarf er einnig liður í starfi ungmennaráðsins.

**Þóra Jónsdóttir**

UNGHEILL

# Hvað er Ungmennaráð Barnaheilla?

ungmennaráð barnaheilla er hópur ungs fólks á aldrinum **13-25 ára** sem berst fyrir mannréttindum barna og hefur áhrif á samfélagið

vilt þú hafa áhrif?
sæktu um á ungmennarad@barnaheill.is

/ungmennaradbarnaheilla

ungheill

@ungmennaradbarnaheilla



# STÖÐVUM STRÍÐ GEGN BÖRNUM

***Systkin í flóttamannabúðum í Idlib í Sýrlandi. Ljósmynd: Save the Children og samstarfsaðilar.***

**Börn í Jemen og Sýrlandi þjást og búa við óviðunandi aðstæður vegna stríðsástandsins í heimalöndum þeirra. Þau eru sprengd, skotin, svelt og þeim nauðgað. Þau hafa engin tök á að forðast ástandið sem ríkir heima hjá þeim, á götunni og í skólanum. Ekkert barn ætti að þurfa að vera fórnarlamb stríðs. Stöðva þarf stríð gegn börnum strax.**

## 75% JEMENA ÞURFA Á NEYÐARAÐSTOÐ AÐ HALDA

Jemensk börn hafa búið við stríðsástand í yfir fjögur ár og ástandið í Jemen fer hratt versnandi. 75% þjóðarinnar þurfa á neyðaraðstoð að halda, þar af er helmingur börn. Vegna átakanna sem standa yfir í Jemen hefur efnahagskerfi landsins hrunið, grunnþjónusta lamast og lífsskilyrði fólks versnað gífurlega.

Í yfir fjögur ár hafa loftárásir, vopnuð átök og árásir á borgaralega innviði grafið verulega undan björgum fólks í Jemen og heilbrigðiskerfi landsins er ófært um að sinna þeim hamförum sem þar ganga yfir. Einungis helmingur heilbrigðisstofnana í landinu er virkur og 16,4 milljónir manna þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda, þar af eru 9,3 milljónir manna í brýnni þörf. Kólerufaraldur er í landinu en á fyrstu þremur mánuðum ársins hafa tæplega 215.000 manns smitast af kóleru, þar af eru 23% börn undir fimm ára aldri.

*Börn sem láta lífið á þennan hátt þjást óhugnanlega þar sem dregur úr starfsemi líffæra þeirra og hún stöðvast að lokum. Ónæmiskerfi þeirra er svo viðkvæmt að þau fá auðveldlega sýkingar og sum þeirra eru of veikburða til að gráta. Foreldrar þurfa að horfa upp á líf barna sinna fjara út án þess að geta nokkuð að gert* (Tamer Kirolos, yfirmaður Save the Children í Jemen).

Tvær milljónir barna eru utan skóla og 4,1 milljón barna þarfnast aðstoðar til að geta haldið áfram að ganga í skóla, en yfir 1800 skólar hafa orðið illa úti í átökunum, þar af 1500 sem hafa skemmst eða eyðilagst og vopnaðir hópar hafa lagt undir sig 21 skóla.

## EIN AF HVERJUM ÞREMUR SÝRLENSKUM FJÖLSKYLDUM BÝR VIÐ FÁTÆKT

Átökin í Sýrlandi hafa staðið í yfir átta ár. Þrátt fyrir að dregið hafi úr átökum á ákveðnum svæðum er neyðin enn gríðarleg. Umfang, alvarleiki og þörfin fyrir aðstoð í landinu er yfirgnæfandi og 72% þjóðarinnar þarf á neyðaraðstoð að halda, þar af er helmingurinn börn. Ein af hverjum þremur sýrlenskum fjölskyldum býr við fátækt, 50% Sýrlendinga eru atvinnulaus og yfir 50% heilbrigðisstofnana í landinu eru að hluta eða alveg lokaðar.

*Þorpið okkar var rólegt og friðsælt, síðan var gerð árás á okkur. Þeir gerðu árás á börn … börnum var slátrað fyrir framan okkur. Við flúðum með allar eigur okkar með okkur. Við tókum börnin okkar og flúðum í átt að Al Zawya fjöllunum, við héldum að það væri rólegt þar. Það voru slátranir í gangi þar líka. Ástandið var ólýsanlegt – lík deyjandi barna fyrir framan okkur. Við fluttum okkur til Kafr Nabl en herflugvél gerði árás á svæðið. Núna búum við í úthverfi Aleppo, í yfirgefnu húsi. Húsi án hurðar, án glugga* (Haya, Idlib).

Einn af hverjum þremur skólum í Sýrlandi er skemmdur eða ónýtur og margir þeirra skóla sem enn standa eru notaðir til annars en að kenna börnum. Tæpar tvær milljónir barna eru utan skóla, sem gerir einn þriðja sýrlenskra barna á skólaaldri (5–17 ára), og fer fjöldi barna sem hefur verið utan skóla í yfir fimm ár vaxandi.



***Fólk á flótta í Idlib-héraði í Sýrlandi með allar sínar eigur. Ljósmynd: Save the Children/fréttateymi frá Bretlandi.***

## BARNAHEILL – SAVE THE CHILDREN BJARGA LÍFUM BARNA Á HVERJUM DEGI

Barnaheill – Save the Children hafa starfað í yfir 60 ár í Miðausturlöndum og hafa skapað sér velvild og traust meðal þjóða í þessum heimshluta. Samtökin halda úti víðtækri starfsemi á öllu svæðinu við að meta aðstæður og innleiða verkefni til þess að styðja við þá sem eru í mestri þörf. Samtökin leggja mikið upp úr nánu samstarfi við heimamenn og að samhæfa áherslur til að mikilvægustu þörfunum sé mætt og tryggt sé að börn sem átökin snerta lifi af og fái menntun og vernd.

Barnaheill – Save the Children vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin leggja sérstaka áherslu á að ná til berskjaldaðra hópa þó svo að starf samtakanna beinist að öllum börnum. Lögð er áhersla á jafnrétti kynjanna og valdeflingu í öllum verkefnum samtakanna í Jemen og Sýrlandi.

Barnaheill – Save the Children vinna að því á hverjum degi að bjarga mannslífum. Samtökin eru leiðandi á heimsvísu í baráttunni fyrir menntun, bættri heilsu og næringu, vernd gegn ofbeldi og réttindum barna í víðasta skilningi. Verkefni Barnaheilla – Save the Children í Jemen, Sýrlandi og nágrannaríkjum Sýrlands snúa að fæðuöryggi, barnavernd, réttindum barna, heilsu, hreinlætisaðstöðu, næringu og menntun. Verkefnin styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 16.



***Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem verkefni Barnaheilla – Save the Children í Jemen og Sýrlandi styðja við.***

## STUÐNINGUR BARNAHEILLA – SAVE THE CHILDREN Á ÍSLANDI

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja verkefni samtakanna í Jemen og Sýrlandi með stuðningi utanríkisráðuneytisins. Samtökin veittu um 21 milljón til Jemen í mars 2019 en Barnaheill – Save the Children í Jemen hafa veitt tæplega sex milljónum manna neyðaraðstoð frá árinu 2015, þar af tæpum þremur milljónum barna. Samtökin hafa veitt jemenskum börnum læknisaðstoð, meðferð við vannæringu og mæðravernd á heilsugæslustöðvum studdum af Barnaheillum – Save the Children.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi veittu rúmum 29 milljónum til Sýrlands í lok árs 2018 með stuðningi utanríkisráðuneytisins en Save the Children í Sýrlandi hafa veitt rúmum þremur milljónum manna neyðaraðstoð á árinu 2019, þar af rúmum tveimur milljónum barna. Samtökin hafa endurbyggt skóla, dreift kennsluefni, veitt áfallahjálp og læknisþjónustu og sinnt heilsugæslu og dreift matarkörfum, vetrarfatnaði og hiturum í flóttamannabúðum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi stefna að áframhaldandi stuðningi við börn í Jemen og Sýrlandi vegna hörmunganna þar, til að börn í báðum þessum stríðshrjáðu löndum læri, lifi af og njóti verndar. Þeim sem vilja styðja við neyðaraðstoð Barnaheilla í Jemen og Sýrlandi er bent á vefsíðu samtakanna, barnaheill.is. Einnig má gefa 1.900 krónur með því að senda textaskilaboð (sms) með textanum BARNAHEILL í númerið 1900.

**Guðrún Helga Jóhannsdóttir**




***Hungursneyð ríkir í Jemen vegna stríðsins þar.***



***Omar* (t.v.) er 12 ára. Hann á þrjár systur og tvo bræður. Heimili þeirra í Amran-sýslu í Jemen varð fyrir sprengju og hann og bærður hans slösuðust. Hér eru þeir með pabba sínum sem er kennari og bóndi. (*Nafni breytt.) Ljósmynd: Save the Children/Haith Mohsen.***

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Stólpi Gámar

KRÓNAN




Velkomin
Vinsamlegast bókið heimsóknina fyrirfram á www.bluelagoon.is
BLUE LAGOON
ICELAND



*Margaret, sérfræðingur Save the Children í Úganda í réttindum barna, sækir sér vatn ásamt nemendum Ludel barnaskólans.*

# BARNAHEILL UNDIRBÚA NÝTT ÞRÓUNARVERKEFNI Í ÚGANDA

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu við þróunarverkefni í Gulu og Pader héruðum í norðurhluta Úganda í Austur-Afríku á árunum 2007–2015 með stuðningi utanríkisráðuneytisins. Helstu markmið verkefnisins voru að aðstoða börn og fjölskyldur þeirra sem höfðu snúið aftur til heimkynna sinna eftir áratuga stríðsátök á svæðinu. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna sem ekki voru í skóla, þá sér í lagi stúlkna. Í upphafi var markmið verkefnisins tvíþætt, annars vegar að bæta aðgengi og gæði kennslu og hins vegar að bæta heilsu og heilbrigði barna í héruðunum. Við það bættust svo skólamáltíðir. Áhersla var einnig á heilbrigt, barnvænt og verndandi umhverfi fyrir börnin.**

Úganda er lágtekjuland, 21 % þjóðarinnar lifir undir fátæktarmörkum, lífslíkur eru 60,2 ár og 53 af hverjum 1000 börnum láta lífið fyrir fimm ára afmælið. Réttindi barna í Úganda eru fótum troðin, vanræksla er gríðarstórt vandamál, barnahjónabönd og þunganir ungra stúlkna eru algengar. Miklar framfarir hafa orðið í skólasókn úganskra barna en ein af stærstu áskorunum í dag er að halda börnum í skóla og sjá til þess að þau hljóti menntun. Brottfall úr skóla vegna fátæktar og ofbeldis er gífurlega alvarlegt vandamál en 30% úganskra barna flosna upp úr námi ár hvert og einungis 60% barna ljúka grunnskóla.

Frá því að verkefninu í Úganda lauk árið 2015 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi ekki stutt við alþjóðlegt þróunarverkefni, einungis mannúðarverkefni, en hafa nú hug á að endurvekja þátttöku sína í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og þar með samstarfið við Úganda. Til þess að læra af reynslunni, og byggja á þeirri þekkingu sem samtökin öðluðust á árunum 2007–2015, var framkvæmd hagkvæmniathugun á starfi Save the Children í Úganda í mars 2019. Hagkvæmniathugunin fól í sér greiningu á því hvar mesta þörfin fyrir aðstoð Barnaheilla liggur og hvar henni sé best varið. Sem liður í hagkvæmniathuguninni var farin vettvangsathugun til Úganda í mars síðastliðnum. Þar voru heimsóttir þrír skólar, tveir sem engan stuðning hafa hlotið og einn sem Barnaheill studdu á árunum 2007–2015. Auk þess voru ýmsir aðrir aðilar er starfa að barnavernd í norðurhluta Úganda heimsóttir.



*Börn í Bulkur barnaskólanum taka þátt í æfingu þar sem þau segja frá reynslu af ofbeldi sem þau eða félagar þeirra hafa orðið fyrir.*



*Nemendur í Bulkur-barnaskólanum ánægðir með Ljósið sem þær Erna og Guðrún Helga færðu þeim að gjöf frá Blátt áfram.*



*Hannigan og Margaret, starfsmenn Save the Children í Úganda, ræða við börn í Bulkurbarnaskólanum.*



*Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, kennir börnum í Bulkur barnaskólanum Hókí Pókí.*



*Börn í Onek Jii barnaskólanum fengu gefins leikföng frá A4.*



*Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, afhendir skólastjóra Ludel-barnaskólans ritföng að gjöf.*

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR HAGKVÆMNIATHUGUNAR

Hagkvæmniathugunin leiddi í ljós gríðarlega þörf fyrir aðstoð í baráttunni gegn ofbeldi á börnum. Í skólunum sem engan stuðning hafa hlotið eru líkamlegar refsingar við lýði og viðurkennd uppeldisaðferð bæði hjá kennurum og foreldrum. Þörf er á fræðslu og þjálfun í jákvæðum aga, gerð fjölnotadömubinda fyrir stúlkur, stuðningi við skólamáltíðir, auk þess sem salernis- og eldunaraðstöðu er ábótavant.

Ánægjulegasta niðurstaða hagkvæmni-athugunar var í Ludel barnaskólanum í Pader héraði í norður Úganda, en hann er einn þeirra skóla sem Barnaheill studdu fram til ársins 2015. Það var mikið gleðiefni að sjá að eldhús og salerni sem byggð voru fyrir stuðning frá Íslandi eru enn í fullri notkun og í góðu ásigkomulagi. Einnig var stórfenglegt að sjá mun á viðhorfum starfsmanna og kennara Ludel skólans og hinna tveggja skólanna sem heimsóttir voru. Í Ludel eru fundnar lausnir við þeim vandamálum sem upp koma og mikið samstarf er milli skóla og foreldra. Líkamlegar refsingar eru þar ekki við lýði og mjög jákvætt andrúmsloft er í skólanum.

## VAL VERKEFNIS

Væntanlegu þróunarverkefni Barnaheilla verður beint að réttindum úganskra barna. Markmiðið með verkefninu verður að útrýma ofbeldi gegn börnum í skólum í Úganda til að koma í veg fyrir brottfall og bæta líðan og námsárangur barna. Undirmarkmið verkefnisins eru þrjú: 1) Bæta námsumhverfi barna til að börn séu örugg í skólum; 2) Bæta viðhorf og háttalag foreldra, kennara og annarra í samfélaginu og útrýma skaðlegum aðferðum við uppeldi barna; 3) Bæta lagaumhverfi til að takast á við ofbeldi gegn börnum í skóla og samfélaginu. Verkefnið mun stuðla að því að koma á hugarfarsbreytingu gagnvart ofbeldi gegn börnum. Þetta verður gert með því að þjálfa kennara og foreldra í jákvæðum aga en einnig með því að ýta undir styrkingu og samvinnu alls samfélagsins. Mikilvægur hluti verkefnisins verður þátttaka barnanna sjálfra og allra sem að þeim koma í að móta verkefnið og áherslur þess. Með þessu móti er eignarhald haghafa á verkefninu styrkt sem eykur líkur á sjálfbærni þess, það er að haghafar taki verkefnið sjálfir yfir þegar stuðningi lýkur eins og raunin hefur verið í Ludel barnaskólanum.

Það er ljóst að mjög spennandi tímar eru framundan í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi með þátttöku í alþjóðlegu þróunarstarfi. Samtökin hlakka til að taka þátt í því góða starfi sem á sér stað í Úganda og halda áfram að breiða út boðskapinn um rétt barna til að lifa og þroskast, fá gæðamenntun, lifa öruggu lífi og hafa tækifæri til að hafa áhrif. Þeim sem vilja styðja við starf Barnaheilla í Úganda er bent á að gerast Heillavinir á barnaheill.is.

**Guðrún Helga Jóhannsdóttir**



***Börn í Onek Jii barnaskólanum í norðurhluta Úganda.***

# NÝ TILKYNNINGARSÍÐA ÁBENDINGALÍNUNNAR KYNNT Á MÁLÞINGI

Málþing um börn og samskipti á internetinu var haldið þann 22. mars og tókst með ágætum. Fred Langford, forseti Inhope, alþjóðlegra regnhlífasamtaka ábendingalína, og aðstoðarframkvæmdastjóri Internet Watch Foundation var aðalfyrirlesari. Í erindi sínu fjallaði Langford um alþjóðlegt samstarf til að útrýma kynferðislegu ofbeldi gegn börnum á netinu og um helstu áskoranir sem foreldrar, fagaðilar og opinberir stefnumótunaraðilar standa frammi fyrir til að tryggja öryggi barna á netinu.

Meðal þess sem Fred fjallaði um voru þessi ráð um hvernig hægt er að verja sig í netheimum:

**Leiddu hugann að þessu áður en þú póstar, setur inn athugasemd eða gerir annað á netinu:**

- **Hverjir eru viðtakendur (allir eða persónulegir)?**
- **Hverjir aðrir hafa aðgang að þínum upplýsingum (þriðji aðili)?**
- **Er hægt að sjá staðsetningu þína gegnum netið?**
- **Er eitthvað á mynd sem þú deilir sem gefur upplýsingar um þig (staðsetning, klæðnaður o.s.frv.)?**
- **Verðu þig (lykilorð, stillingar, samfélagsmiðlar)**
- **Vertu með það á hreinu hvernig þú getur tilkynnt ólöglegt efni eða annað óæskilegt**

Á málþinginu kynntu starfskonur Barnaheilla nýja tilkynningarsíðu Ábendingalínunnar.






*Fred Langford*

Henni er ætlað að uppfylla betur þarfir barna til stuðnings við að senda tilkynningu í gegnum Ábendingalínuna. Jafnframt er nýja tilkynningarsíðan betur nýtt fyrir skýringar og fræðslu um lög og skilgreiningar á ofbeldi gegn börnum og öðrum þáttum sem hægt er að tilkynna í gegnum síðuna.

Málþingið var haldið í samstarfi nefndar stjórnvalda um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma kynferðislegu ofbeldi og áreitni, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Lögreglunnar á Suðurnesjum, ábendingalínu Barnaheilla og SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, sem er samstarfsverkefni Heimilis og skóla, Rauða krossins, Ríkislögreglustjóra og Barnaheilla.

**Þóra Jónsdóttir**





# VIÐ ERUM ÆVIRÁÐNIR

*Jóhannes Ásbjörnsson, framkvæmdastjóri.*

**Fjáröflunarverkefni Barnaheilla og veitingastaða, Út að borða fyrir börnin, var hrint úr vör í fyrsta sinn árið 2011. Það hefur verið árvisst síðan og stendur yfir frá 15. febrúar til 15. mars. Jóhannes Ásbjörnsson eigandi og framkvæmdastjóri Hamborgarafabrikkunnar, eða Jói í Fabrikkunni eins og hann er oftast kallaður, veit sitthvað um átakið enda hefur veitingastaðurinn hans tekið þátt frá upphafi.**

Jói er alinn upp í Árbæ í Reykjavík. Hann er Fylkismaður. Gekk í Árbæjarskóla, fór svo í Verslunarskólann og „villtist“ þaðan inn í fjölmiðla. Þar kynntist hann fyrrum samstarfsmanni sínum, Simma, Sigmari Vilhjálmssyni. Þeir unnu saman í þó nokkuð mörg ár áður en þeir fóru út í veitingarekstur, en þeir opnuðu Hamborgarafabrikkuna árið 2010. Jói býr í Kópavogi með fjölskyldunni, eiginkonu og þremur börnum sem eru tveggja, níu og þrettán ára. Yngsta barnið er í Vináttuleikskóla svo að Jói þekkir vel til *Vináttu*, forvarnaverkefnis Barnaheilla gegn einelti. Það verkefni nýtur einmitt góðs af fjármunum sem safnast í fjáröflunarverkefninu Út að borða fyrir börnin.

*Hvernig varð þessi hugmynd til?*

„Þetta gerðist þannig að við Simmi vorum tiltölulega nýbúnir að opna og hún Sigríður Guðlaugsdóttir, sem þá var fjáröflunar- og kynningarstjóri hjá Barnaheillum, hafði samband við okkur. Það var Simmi sem fóstraði þetta í upphafi. Hugmyndin var ómótuð til að byrja með en snérist um það hvort hægt væri að búa til einhvers konar samstarf sem veitingastaðir gætu tekið þátt í og haft jákvæða ímynd fyrir veitingastaðina, hugsanlega aukið aðsókn og skilað afrakstri til Barnaheilla.

Það varð úr að bjóða veitingastöðum að velja ákveðið tímabil fyrir átakið og finna heiti. Svo snérist þetta um að fá veitingastaði til liðs við verkefnið. Simmi gerði það í sínum tíma. Tók að sér að hringja í veitingastaðina og fá þá um borð. Hann er mjög öflugur þegar kemur að svona hlutum. Svo fór þetta af stað og hefur gengið vel síðan og við höfum alltaf tekið þátt. Það er fallegt þegar svona verður til og fær að blómstra. Þetta er orðinn fastur punktur í tilverunni okkar megin. Nú hefur þetta vaxið þannig að tveir staðir hafa bæst við Hamborgarfabrikkuna. Við erum með Keiluhöllina og Shake & pizza þar og svo erum við meðeigendur í Blackbox pizza. Ég held að það hafi gengið mjög vel í ár og það er alltaf töluverð upphæð á hverju ári sem rennur til góðra verka.“

Þess má geta að verkefnið gengur þannig fyrir sig að á því mánaðartímabili sem átakið stendur yfir láta veitingastaðirnir sem taka þátt hlutfall af völdum réttum á matseðli renna til Barnaheilla en viðskiptavinurinn greiðir fullt verð. Fjárhæðin sem safnast fer í verkefni Barnaheilla sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Og áfram heldur Jói: „Þetta er svo þarft og það er virkilega gaman að geta gert þetta með þessum hætti. Þetta talar ágætlega við veitingahúsarekstur. Um leið og þetta verður breiðfylking þá er heildarafraksturinn farinn að skipta einhverju máli. Við eigum enn eftir að ná í nokkra stóra hákarla. Það telur mikið þegar stórar veitingahúsakeðjur slást í hópinn. Við finnum fyrir því að verkefnið festir sig enn betur í sessi með hverju ári og ég held að neytendur þekki það orðið. Þar af leiðandi trúi ég því að töluverður fjöldi þeirra sem fer út að borða með fjöslkylduna velji þá veitingastaði sem eru í þessu átaki. Svo hefur þetta líka jákvæð áhrif á andann og menninguna í fyrirtækinu. Starfsfólkinu finnst gaman að vera hluti af því að geta látið gott af sér leiða. Þannig að þetta er jákvætt á svo marga vegu. Við erum stoltir af að hafa átt þátt í að koma þessu á laggirnar og vera með þótt við séum ekki lengur að leggja hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd eins og í byrjun. Í mínum huga ættu allir að sjá hag sinn í því að vera með. Veitingahúsamarkaðurinn er stór. Þetta er geiri sem veltir ansi mörgum milljörðum á ári.

Jói telur að vekefnið þrífist áfram um ókomna tíð og sér sóknarfæri þrátt fyrir sveifur á markaðnum. „Þær hafa alla vega engin áhrif á okkur, við erum æviráðnir,“ segir Jói að lokum.

**Aldís Yngvadóttir**

# Vinahópur

## Höfum gaman af 'essu

**Vinahópur Olís er vildarklúbbur lykil- og korthafa Olís og ÓB.**

Allir sem eru nú þegar með lykil eða kort frá Olís eða ÓB eru sjálfkrafa í Vinahópnum og þurfa því ekkert að gera, nema njóta aukinna fríðinda – og hafa gaman af þessu.




Aragrúi skemmtilegra og spennandi tilboða hjá fjölbreyttum samstarfsaðilum í hverjum mánuði.

**Kynntu þér Vinahópinn á olis.is**



*Frá vinstri: frú Eliza Reid, forsetafrú, Hrefna Þórarinsdóttir, frá félagsmiðstöð Samtakanna ´78 og Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum ´78 og Harpa Rut Hilmarsdóttir formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.*

# VIÐURKENNING BARNAHEILLA

**Samtökin ‘78 hlutu Viðurkenningu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2018 fyrir fræðslu, félagsstarf og ráðgjöf um hinsegin málefni sem er sérstaklega sniðin að börnum og ungu fólki og fjölskyldum þeirra. Það er ómetanlegt fyrir börn og ungt fólk sem er að fóta sig í lífinu sem hinsegin einstaklingar að hafa aðgang að ráðgjöf, félagslegum stuðningi og fræðslu sem samtökin veita. Það auðveldar þeim að lifa til fulls í sátt við sig sjálf eins og þau eru. Samtökin hafa verið stoð og stytta margra sem „komið hafa út úr skápnum“ og skipt sköpum í lífi þeirra sem hinsegin einstaklingar.**



*Kór Öldutúnsskóla flutti tvö tónlistaratriði undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur.*

Afhending viðurkenningarinnar fór fram í veislusal veitingastaðarins Nauthóls að viðstöddum fjölmörgum gestum. Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður Barnaheilla, flutti ávarp og tilkynnti um viðurkenningarhafann. Frú Eliza Reid, forsetafrú, afhenti viðurkenninguna og flutti ávarp. Sigríður Birna Valsdóttir, fjölskyldufræðingur og ráðgjafi hjá Samtökunum ´78, flutti þakkarræðu fyrir hönd viðurkenningarhafa. Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir fræðari í Hinsegin fræðslunni og fyrrum meðlimur í ungmennastarfi Samtakanna ´78 flutti einnig ávarp. Kór Öldutúnsskóla flutti tvö tónlistaratriði undir stjórn Brynhildar Auðbjargardóttur við undirleik Vignis Þórs Stefánssonar.

Barnaheill veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á Barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna. Barnasáttmálinn er leiðarljós í öllu starfi Barnaheilla.

# BÖRN SEGJA STOPP!

**Í tilefni af aldarafmæli Barnaheilla – Save the Children á þessu ári hafa samtökin hrundið af stað heimsátaki undir kjörorðunum STÖÐVUM STRÍÐ GEGN BÖRNUM (STOP THE WAR ON CHILDREN).**






Meðal þess sem áhersla er lögð á í átakinu er að hvetja alþjóðasamfélgið til þess að beita öllum tiltækum ráðum til þess að þær 420 milljónir barna sem búa við átök og stríðsástand þurfi ekki lengur að þjást og líða, missa af menntun, búa við hungur, óöryggi og ofbeldi og vera án heilbrigðisþjónustu. Biðlað var til barna í aðildarlöndum samtakanna um allan heim um að taka þátt í táknrænum viðburði þann 16. maí með ákalli um að stöðva stríð gegn börnum. Viðburðurinn markaði upphaf heimsátaksins Stöðvum stríð gegn börnum.

## ÍSLENSK BÖRN TÓKU ÞÁTT

Nemendur í Rimaskóla í Reykjavík tóku þátt í viðburðinum ásamt 14.500 öðrum börnum í 64 löndum þar sem Barnaheill – Save the Children starfa. Viðburðurinn var ljósmyndaður og kvikmyndaður. Myndefnið varð síðan hluti af myndbandi alþjóðasamtakanna með myndbrotum frá öllum þátttökuþjóðunum.





# TAKK!

## ÍSLANDSBANKI RÉTTIR „HJÁLPARHÖND“

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa í gegnum árin notið stuðnings og velvildar fyrirtækja. Oftast er um fjárstuðning að ræða en stuðningurinn er einnig í formi vinnuframlags starfsmanna. Þeir verja þá einum vinnudegi til góðra verka. Þannig hefur „Hjálparhönd“ Íslandsbanka stutt samtökin dyggilega með því að pakka jólakortum samtakanna undanfarin fimm ár og einnig aðstoðað við viðgerðir á reiðhjólum í tengslum við árlega Hjólasöfnun Barnaheilla.



*Þessi röski hópur frá Íslandsbanka þakkaði þúsundum jólakorta sem eru mikilvægur liður í fjáröflun samtakanna. Standandi á myndinni er Linda Ólafsdóttir sem gerði kortið og gaf samtökunum.*

## GAF RAUSNARLEGA FJÁRHÆÐ EFTIR FERÐALAG Í MEXÍKÓ

Pálmar Ragnarsson fyrirlesari var á ferðalagi í Mexíkó haustið 2018. Í ferðinni varð hann vitni að mikilli neyð og fátækt, ekki síst meðal barna. Þegar hann kom heim ákvað hann að styrkja starf Barnaheilla – Save the Children í Mexíkó um 400 þúsund krónur með milligöngu og aðstoð samtakanna hér á landi.




*Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, þakkaði Pálmari fyrir þessa höfðinglegu gjöf fyrir hönd samtakanna í Mexíkó.*

## ARION BANKI LAGÐI HÖND Á PLÓG VIÐ PÖKKUN

Vaskur hópur starfsfólks Arion banka tók að sér að raða saman Vináttuefni fyrir 0–3ja ára og pakka í töskur sem fara svo í nýja Vináttuleikskóla. Í hverja tösku fara fjórar bækur, veggspjald, 20 umræðuspjöld að ógleymdum bangsanum Blæ sem er tánkmynd vináttunnar.



*Hér má sjá hluta af teymi frá Arion banka sem gekk rösklega til verks við röðun og pökkun á Vináttuefni fyrir yngstu börnin.*

## JÓLAPEYSAN

Fjáröflunarátakið Jólapeysan var að þessu sinni styrkt af Lindex á Íslandi sem gaf 10% af söluandvirði valinna jólapeysa. Alls nam styrkupphæðin 327 þúsund krónum sem runnu óskiptar til mannúðaraðstoðar Barnaheilla í Jemen þar sem börn og almenningur líður miklar hörmungar vegna stríðsins í landinu sem staðið hefur í fjögur ár.



*Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, hjá Lindex, afhenti Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra samtakanna, styrkinn.*

## HJÁLMAR FRÁ KIWANIS

Kiwanisklúbbarnir í Hafnarfirði, Eldborg, Hraunborg og Sólborg, gáfu hjólahjálma með stuðningi frá Eimskip. Það kemur sér afar vel því þau börn sem fá úthlutað hjóli í Hjólasöfnun Barnaheilla fá hjálm frá Kiwanis með.




*Á myndinni afhendir Jón Halldór Bjarnason, fulltrúi klúbbanna, Ernu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla, skjal til staðfestingar á þessari höfðinglegu gjöf.*

## TÓNLEIKAR TIL STYRKTAR BARNAHEILLUM

Hljómsveitin Piparkorn hélt tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík á Þorláksmessu til styrktar börnum í Jemen og söfnuðust 40 þúsund krónur. Upphæðin rann óskipt til verkefna Barnaheilla í Jemen þar sem samtökin sinna mannúðaraðstoð í formi matargjafa, lyfja, sálræns stuðnings og menntunar.



*María Gyða Pétursdóttir og hljómsveitin Piparkorn á tónleikunum í Fríkirkjunni þar sem þau fluttu tónlist til styrktar börnum í Jemen.*

## ÚT AÐ BORÐA FYRIR BÖRNIN

Alls 32 veitingastaðir tóku þátt í fjáröflunarátakinu Út að borða fyrir börnin sem stóð yfir frá 15. febrúar til 15. mars. Veitingastaðirnir sem taka þátt láta hluta af verði valinna rétta renna til verkefna samtakanna sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi. Hægt var að fara út að borða á 105 veitingastöðum víðs vegar um landið. Þetta var í níunda sinn sem átakið fer fram. Samtökin eru gríðarlega þakklát fyrir þennan mikilvæga stuðning til verkefna sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi. Má þar meðal annars nefna Vináttuverkefnið gegn einelti, rekstur Ábendingalínunnar til að tilkynna um ólöglegt og ósæmilegt efni á netinu og útgáfu bókarinnar *Þetta er líkaminn minn* sem fjallar um einkastaði líkamans.




**Stjórn og starfsfólk Barnaheilla þakka öllum sem hafa lagt samtökunum lið og þannig hjálpað Barnaheillum að vinna að mannréttindum barna.**

**Stuðningur ykkar skiptir máli.**



# SÍMALAUS SUNNUDAGUR Í ANNAÐ SINN

Það er ekkert launungamál að mörg erum við orðin háð símunum okkar, bæði til vinnu og til afþreyingar. Ég er engin undantekning á því. Mér hættir til að heyra ekki þegar við mig er talað og sjá ekki það sem í kringum mig er. Og á hverjum bitnar það? Jú, nánustu fjölskyldumeðlimum og hundinum sem berst um athygli við þetta litla tæki sem ég stari á tímunum saman.

En þegar nánasta fjölskylda samanstendur af börnum? Jafnvel kornabörnum? Gæti verið að símarnir séu farnir að hafa áhrif á tengslamyndum foreldra og barna? Um það hafa verið gerðar rannsóknir og svarið er já. Því miður. Og það er grafalvarlegt mál því eins og við öll vitum þá þurfa börn meira en mat, föt og nýja bleyju. Þau þurfa umhyggju, athygli, augnsamband og snertingu til að ná að þroskast tilfinningalega og félagslega.

Eru þá snjallsímar verkfæri skrattans, skaðvaldar alls og ógn við samfélagið? Nei, það vil ég ekki meina. Enda þótt símar og öppin í þeim geti verið tímaþjófar þá geta þeir líka verið tímasparandi og létt okkur lífið á margan hátt. Við þurfum bara að vera meðvituð um að við stjórnum þessum tækjum en þau ekki okkur.

Barnaheill stóðu í annað sinn fyrir símalausum sunnudegi 4. nóvember síðastliðinn. Tilgangur með deginum er að vekja fólk til umhugsunar um símanotkun og áhrif hennar á samskipti og tengslamyndun í fjölskyldum. Dagurinn getur líka verið ágætis byrjun á að breyta hegðun og taka frá tíma, hvort sem það er sunnudagur eða ekki, til að vera í raun til staðar fyrir sig og sína. Við hjá Barnaheillum fengum töluverð viðbrögð við þessu framtaki okkar í fyrra og markverðust þótti okkur viðbrögð barnanna. Þau tjáðu sig um að þau væru virkilega ánægð með daginn og sögðust vilja hafa hann oftar. Það segir okkur fullorðna fólkinu ýmislegt.

**Erna Reynisdóttir**






# SYNGJUM SAMAN, ...STÖNDUM SAMAN

**Fimmta árið í röð stóð Jóhanna Halldórsdóttir, kórstjóri, fyrir tónleikunum Syngjum saman, stöndum saman þar sem börn sungu til styrktar Barnaheillum – Save the Children á Íslandi.**

Að þessu sinni fóru tónleikarnir fram þann 4. maí í Guðríðarkirkju. Börn úr kórum Lindaskóla, Ingunnarskóla og Vogaskóla sungu saman og söngkonan Ragnheiður Gröndal söng með börnunum og lék á flygil. Fullt var út úr dyrum og mikil stemmning í kirkjunni.





*Nokkrir félagar úr barnakórunum sem sungu á styrktartónleikunum færðu Ernu Reynisdóttur, framkvæmadastjóra Barnaheilla, styrkupphæðina.*








*Hjólasöfnun Barnaheilla hófst formlega þann 15. mars síðastliðinn í móttökustöð Sorpu við Sævarhöfða. Að þessu sinni var það persónan Matthildur úr samnefndu leikriti í uppfærslu Borgarleikhússins sem afhenti fyrstu hjólin í söfnunina og tóku Elsa Margrét Þórðardóttir og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla á móti þeim. Þess má geta að leikritið sem byggt er á skáldsögu Roalds Dahl var frumsýnt sama dag og söfnunin hófst en það fjallar um bókelska, gáfaða og tilfinningaríka stúlku sem býr við vanrækslu og ofbeldi. Hún þróar með sér ofurkrafta til að berjast gegn ranglæti og hefur betur í þeirri baráttu.*



*Á myndinu eru f.v.: Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir, frá Æskunni, Aðalsteinn Gunnarsson, frá IOGT og umsjónarmaður hjólaviðgerða, Linda Hrönn Þórisdóttir, verkefnisstjóri Hjólasöfnunar hjá Barnaheillum, Erna Tómasdóttir, sem leikur Matthildi í samnefndum söngleik í uppfærslu Borgarleikhússins, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri Sorpu, Elsa Margrét Þórðardóttir, og Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla.*

# HJÓLASÖFNUN BARNAHEILLA

Hjólasöfnun Barnaheilla fór fram í áttunda sinn frá miðjum marsmánuði og fram í maí. Frá því söfnunin hóf göngu sína árið 2012 hafa um 2000 börn og ungmenni víðsvegar um landið notið góðs af söfnuninni og fengið úthlutað hjólum.

Markmiðið með hjólasöfnuninni er að gefa börnum og ungmennum sem búa við erfiðar félagslegar eða fjárhagslegar aðstæður kost á að eignast hjól og taka þar með þátt í samfélagi annarra barna því hjólamenning er töluvert ríkjandi hér á landi, meðal annars með hjólreiðaferðum í skólum og tómstundum. Með því að eiga hjól gefst börnunum einnig tækifæri til að styrkja sig líkamlega því hjólreiðar styrkja líkamlega færni barna, samhæfing hreyfinga þroskast auk þess sem úthaldið eykst.

Ánægja barna og gleði er ósvikin þegar þau fá tækifæri til að velja sér hjól. Setningar eins og; „nú get ég loksins hjólað með vinum mínum“ og „vá, ég get núna farið í hjólaferð með skólanum“ eru dæmi um viðbrögð barnanna og því er óhætt að segja að með hjólasöfnuninni er stórt skref tekið til að jafna stöðu barna og ungmenna. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, kemur fram í 2. grein að öll börn skuli njóta réttinda án tillits til ýmissa aðstæðna eða stöðu foreldra þeirra. Í 6. grein sáttmálans er kveðið á um rétt allra barna til lífs og þroska og í 27. grein um rétt barna til að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska. Hjólasöfnunin tekur til þessara þátta og er ein af mörgum leiðum og verkefnum sem Barnaheill vinna að til að stuðla að réttindum barna.

Landsmenn hafa í gegnum árin tekið afar vel í að gefa hjól sem ekki eru í notkun í söfnunina. Að koma hjólum í notkun á ný hefur jákvæðan samfélagslegan ávinning í ljósi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Móttökustöðvar Sorpu á höfuðborgarsvæðinu taka við hjólum og eru hjólin sótt þangað til viðgerðar. Gámaþjónustan og Íslenska gámafélagið, auk Bílaleigu Akureyrar sem lánaði bíl, hafa aðstoðað við að flytja hjólin á verkstæði sem að þessu sinni var að Víkurhvarfi 1 í Kópavogi. Sjálfboðaliðar aðstoða við viðgerðir á hjólum og höfum við notið mjög góðs af m.a. starfsmönnum Íslandsbanka, fjölmörgum einstaklingum sem og ýmsum hjólreiðaklúbbum eins og t.d. hjólaklúbbum Víkings, Olís og Advania.

Aðrir stuðningsaðilar verkefnsisins voru að þessu sinni Dominos og Krónan sem útveguðu veitingar, Kiwanisklúbbarnir í Hafnarfirði sem gáfu reiðhjólahjálma og Eimskip – Flytjandi sem flutti hjól á landsbyggðina.

Umsóknir um hjól berast frá félags- og fjölskylduþjónustu sveitarfélaga og fleiri aðilum, svo sem Rauða krossinum og Hjálparstarfi kirkjunnar. Hjólunum er svo úthlutað í samstarfi við Æskuna – IOGT. Barnaheill eru þakklát þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóg við að þetta mikilvæga verkefni í þágu barna og samfélagsins á undanförnum árum og ljóst er að enn er mikil þörf fyrir þetta verkefni.

**Linda Hrönn Þórisdóttir**

MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA
LÖGREGLUSTJÓRINN
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

init

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

STARFSMANNAFÉLAG SUÐURNESJA

Akureyrarbær

MJÓLKA

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

112
EINN EINN TVEIR

belladonna
Skeifunni 8,
108 Reykjavík

KFC

VR

Alþýðusamband Íslands

KPMG

wise

Apótekarinn
- lægra verð

nettó

# Dagur mannréttinda barna 2018

**Slagorð eftir grunnskólanema um réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum**

Þú færð ekki kraft úr því að sýna börnum misrétti

Gefðu æskunni gæsku

Ég er ekki strákur, ég er ekki stelpa, ég er einstaklingur

Það er nett að hafa rétt

Ég er kynið mitt og ég er kynþátturinn minn, en ég er svo miklu meira en það

Ég er alveg eins mikils virði og þú, þó ég hafi ekki sömu trú

Barnasál er heimsins mál

Öll börn eiga rétt á kærleika

Við erum ekki komin í heimahöfn fyrr en við erum öll jöfn

Börn eiga rétt á vörn

Verja ekki berja

Þú ert æði ef þú vilt jafnræði

Börn þurfa ást og umhyggju

Dagur mannréttinda barna · Barnaheill




# DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA

## BARNASÁTTMÁLINN OG JAFNRÆÐI – BANN VIÐ MISMUNUN

**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið leiðarljós Barnaheilla – Save the Children á Íslandi frá stofnun samtakanna árið 1989, en það ár var Barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi árið 2013 og hefur gildi almennra laga.**

Samkvæmt Barnasáttmálanum ber aðildarríkjum að kynna efni hans fyrir börnum sem og fullorðnum. Í mars 2016 samþykkti Alþingi að 20. nóvember ár hvert skuli helgaður fræðslu um mannréttindi barna, en þá er afmælisdagur Barnasáttmálans. Barnaheillum – Save the Children á Íslandi var falið af innanríkisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að sjá um framkvæmd dagsins. Árið 2017 efndu Barnaheill til Mannréttindasmiðju í tilefni dagsins þar sem nemendur á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi voru hvattir til þátttöku með því að senda inn fjölbreytt skapandi efni um greinar Barnasáttmálans. Árið 2018 var Mannréttindasmiðjan opnuð á ný og nemendur á þessum þremur skólastigum hvattir til að senda inn slagorð sem fjölluðu um 2. grein Barnasáttmálans, þ.e. jafnræði og bann við mismunun:

*Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra.*

Mörg smellin og skemmtileg slagorð bárust sem hafa verið vistuð í fjársjóðskistu á vefsvæði Dags mannréttinda barna á barnasattmali.is. Nokkur þeirra eru á blaðsíðnni hér til vinstri.

**Aldís Yngvadóttir**

A4

ms

Góa
Stofnað 1968

# GJALDFRJÁLS GRUNNSKÓLI Í HÖFN

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vöktu árið 2015 athygli á kostnaði foreldra grunnskólabarna við innkaup á ritföngum og fleiru sem þarf til skólagöngu. Samtökin skoruðu á yfirvöld að afnema þessa kostnaðarþátttöku og virða réttindi barna til gjaldfjálsrar grunnmenntunar eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Áskorunin náði annars vegar til sveitarfélaga þar sem hvatt var til þess að skólar hættu að gefa út svokallaða innkaupalista og hins vegar til stjórnvalda um að afnema leyfi til slíkrar gjaldtöku með breytingu á grunnskólalögum. Barnaheill kölluðu almenning til liðs við sig með undirskriftasöfnun um áskorun á stjórnvöld. Það var mikið gleðiefni og sveitarfélögum til mikils sóma þegar ljóst var við upphaf skólaársins 2018–2019 að 99% grunnskólanemenda fengju ókeypis skólagögn. Samtökin fagna þessum árangri og vonast til þess að ná þessu eina prósenti nemenda sem út af stendur í höfn. Þau munu halda áfram að þrýsta á stjórnvöld um að breyta lögum um grunnskóla á þann veg að ekki fari á milli mála að nemendur skuli ekki greiða fyrir skólagögn eins og ritföng og stílabækur.

**Aldís Yngvadóttir**



# VIÐMIÐ UM SKJÁNOTKUN BARNA OG UNGMENNA

**Tækni og tölvur eru ríkur þáttur í daglegu lífi allflestra, jafnt barna sem fullorðinna. Að frumkvæði umboðsmanns barna hafa verið gefin út viðmið um skjánotkun barna og ungmenna til stuðnings foreldrum við að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri umgengni við tækni, tölvur og snjalltæki. Útgáfa viðmiðanna er í samstarfi umboðsmanns barna, Barnaheilla, Embættis landlæknis, Heilsugæslunnar, Heimilis og skóla, Landspítalans og SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni.**

Meðal þess sem lögð er áhersla á í viðmiðunum er að það sé á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu og að þeir séu fyrirmyndir barna sinna þannig að þegar þeir setja reglur um skjánotkun sé mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun. Þá er bent á að skjátími komi ekki í staðinn fyrir jákvæða virkni eins og félagsleg samskipti og samveru foreldra og barna eða ungmenna.

Viðmiðin eru gefin út fyrir aldursbilin 0–5 ára, 6–12 ára og 13–18 ára.

Á blaðsíðunum hér á eftir má sjá skjáviðmiðin fyrir aldursbilin þrjú.

Umboðsmaður barna | Heilsugæslan | Heimili og skóli – Landssamtök foreldra | Landspítali | Embætti landlæknis – Directorate of Health | Barnaheill | SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni

# Skjáviðmið fyrir börn að 5 ára aldri

Börn í dag alast upp í umhverfi sem er hlaðið tækjum og með stöðugum tækninýjungum. Með skynsamri umgengni við þessi tæki geta þau verið hluti af góðu uppeldi. Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu alltaf að fara fram undir handleiðslu foreldra, forsjáraðila og/eða annarra fullorðinna.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu.

*Skjátími kemur ekki í stað jákvæðrar virkni*

Foreldrar þurfa því að leitast við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og einnig að skipuleggja skjálausar stundir saman.



- Félagslegra samskipta
- Nægilegs svefns
- Heilbrigðs lífernis
- Samveru foreldra og barna



Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun þegar þeir setja reglur um skjánotkun barna sinna.

## Ungabörn (0-18 mánaða)

- Forðist allan skjátíma hjá börnum yngri en 18 mánaða. Hér er þó ekki átt við samskipti um vefinn við fjarstadda ættingja og vini.
- Skjárinn á aldrei að vera barnfóstra.

## Ung börn (18 mánaða til 5 ára)

- Takmarka skal skjátíma, sérstaklega hjá yngstu börnunum.
- Börn þurfa athygli foreldra sinna, hugaðu að þinni eigin skjánotkun sem foreldri og fyrirmynd.
- Veldu vandað efni á móðurmáli barnsins og horfðu á það með barninu.
- Kynntu þér leiki og smáforrit sem barnið notar til að fullvissa þig um að þau hæfi aldri og þroska barnsins.
- Ræddu við barnið um það sem það sér og upplifir, m.a. til að örva málþroska.
- Gættu þess að hafa sjónvarpið ekki stöðugt í gangi, það grípur athygli og hefur neikvæð áhrif á eðlilega hreyfiþörf barnsins.
- Skjátæki á ekki að nota til að róa barnið, það þarf að læra að stjórna tilfinningum sínum.
- Skipulegðu reglulegar skjálausar stundir með barninu.
- Skjárinn á aldrei að vera barnfóstra.

**Ef þú telur skjánotkun barns vera komna út fyrir eðlileg mörk er hægt að leita til heilsugæslu.**

**Frekari upplýsingar: heilsuvera.is**

# Skjáviðmið fyrir börn 6-12 ára

Börn í dag alast upp í umhverfi sem er hlaðið tækjum og með stöðugum tækninýjungum. Með skynsamri umgengni við þessi tæki geta þau verið hluti af góðu uppeldi. Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu alltaf að fara fram undir handleiðslu foreldra, forsjáraðila og/eða annarra fullorðinna.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu.

*Skjátími kemur ekki í stað jákvæðrar virkni*

Foreldrar þurfa því að leitast við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og einnig að skipuleggja skjálausar stundir saman.



- Félagslegra samskipta
- Nægilegs svefns
- Heilbrigðs lífernis
- Samveru foreldra og barna



Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun þegar þeir setja reglur um skjánotkun barna sinna.

## Skólabörn (6-12 ára)

- Tryggja þarf börnum nægan svefn en börn á skólaaldri þurfa almennt um 10 klst. svefn. Góð regla er að hafa engin skjátæki í svefnherbergjum barna.
- Stuðlaðu að fjölbreyttri skjánotkun og lærdómstækifærum.
- Foreldrar eru fyrirmyndir og þurfa að huga að sinni eigin skjánotkun. Börnin fylgjast með og læra af þeim.
- Sýndu skjánotkun barnsins áhuga og ræddu við barnið um hana.
- Styrktu jákvæða skjánotkun með því að benda barninu á áhugavert og lærdómsríkt skjáefni og hrósaðu því fyrir fyrir uppbyggilega og hófstillta notkun skjátækja.
- Tryggja þarf skjálausar samverustundir fjölskyldu eins og t.d. við matarborðið.
- Kenndu barninu að ráðfæra sig við þig áður en það gefur upp persónuupplýsingar eins og nafn, síma, netfang, heimilisfang, lykilorð, skóla eða myndir.
- Virtu aldurstakmörk leikja og samfélagsmiðla.
- Gættu þess að hafa sjónvarpið eða önnur tæki ekki stöðugt í gangi, það truflar góð samskipti foreldra og barna.

**Frekari upplýsingar:** heilsuvera.is

**Ef þú telur skjánotkun barns vera komna út fyrir eðlileg mörk er hægt að leita til heilsugæslu.**

Umboðsmaður barna · Heilsugæslan · Heimili og skóli · Landspítali · Embætti landlæknis · Barnaheill · SAFT

# Skjáviðmið fyrir ungmenni 13-18 ára

Börn í dag alast upp í umhverfi sem er hlaðið tækjum og með stöðugum tækninýjungum. Með skynsamri umgengni við þessi tæki geta þau verið hluti af góðu uppeldi. Fyrstu kynni barna af snjalltækjum ættu alltaf að fara fram undir handleiðslu foreldra, forsjáraðila og/eða annarra fullorðinna.

Það er fyrst og fremst á ábyrgð foreldra hversu mikil skjánotkun er á heimilinu.

*Skjátími kemur ekki í stað jákvæðrar virkni*

Foreldrar þurfa því að leitast við að skapa jafnvægi í lífi barna sinna og einnig að skipuleggja skjálausar stundir saman.



- Félagslegra samskipta
- Nægilegs svefns
- Heilbrigðs lífernis
- Samveru foreldra og ungmenna

Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og mikilvægt að þeir hugi að eigin skjánotkun þegar þeir setja reglur um skjánotkun barna sinna.

## Ungmenni (13-18 ára)

- Unglingar þurfa 8-10 klukkustunda svefn á sólarhring og því þarf að tryggja að skjánotkun hafi ekki neikvæð áhrif á svefn eða aðrar grunnþarfir eins og hreyfingu, hreinlæti eða næringu.
- Stillið tækin þannig að stöðugar tilkynningar berist ekki frá smáforritum til að minnka áreiti.
- Foreldrar eru fyrimyndir barna sinna þegar kemur að skjánotkun og þurfa að setja gott fordæmi.
- Mikilvægt er að foreldrar og ungmenni eigi samtal um skjánotkun og komi sér saman um reglur. Hver og einn þarf að skoða hjá sjálfum sér eigin skjánotkun og finna jafnvægi.

! **Frekari upplýsingar: heilsuvera.is**

## Umræðupunktar fyrir foreldra og ungmenni til að móta reglur um skjánotkun:

- Ef þú fengir að stjórna skjánotkun á heimilinu, hvernig væri henni háttað ?
- Finnst þér þú, foreldrar þínir eða vinir vera of mikið í símanum, spjaldtölvunni eða horfa mikið á sjónvarp?
- Hvað ertu að skoða í símanum eða tölvunni og hvenær ertu að skoða það? – Ertu að skoða þetta af því að þér leiðist eða ertu að leita að einhverju sérstöku?
- Hvernig líður þér eftir að hafa verið lengi við skjáinn?
- Ertu að skoða símann á þínum forsendum eða vegna tilkynninga eða skilaboða?
- Hversu mikill tími fer í að skoða efni sem gagnast þér og hversu mikill tími fer í annað?
- Tekur síminn mikinn tíma frá þér sem þú gætir notað í annað?

**Ef þú telur skjánotkun barns vera komna út fyrir eðlileg mörk er hægt að leita til heilsugæslu.**

Umboðsmaður Barna · Heilsugæslan · Heimili og skóli · Landspítali · Embætti landlæknis · Barnaheill · SAFT



*Stjórn Barnaheilla 2019. F.v. Páll Valur Björnsson, Harpa Rut Hilmarsdóttir, formaður, Guðlaugur Kristmundsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Elísa R. Ingólfsdóttir. Efri f.v. Gná Guðjónsdóttir og Birkir Már Árnason. Á myndina vantar Annie Haugen, Brynju Dan Gunnarsdóttur og Guðmund Steingrímsson.*

# VIÐ ERUM BARNAHEILL

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök, stofnuð hér á landi árið 1989. Þau eiga aðild að alþjóðasamtökunum Save the Children sem voru stofnuð í Bretlandi árið 1919 og starfa nú í yfir 120 löndum. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með fyrstu baráttumanneskjum fyrir rétti barna til að alast upp við öryggi og frið. Hún átti hugmyndina að og skrifaði sáttmála um réttindi barna árið 1921 sem síðar varð grunnurinn að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, efla menntun og veita mann úðar- og neyðaraðstoð þegar hörmungar dynja yfir samfélög. Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtök sem starfa í þágu barna. Þau starfa eftir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að rétti sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og aukins áhrifamáttar. Vefsíða Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er barnaheill.is. Samtökin eru einnig með viðveru á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter og Instagram.



*Starfsfólk: Frá vinstri: Aldís Yngvadóttir, Sigríður Björnsdóttir, Þóra Jónsdóttir, Linda Hrönn Þórisdóttir og Erna Reynisdóttir. Á myndina vantar Guðrúnu Helgu Bjarnadóttur, Guðrúnu Helgu Jóhannsdóttur og Margréti Júlíu Rafnsdóttur.*

# MÁ BJÓÐA ÞÉR AÐ GERAST HEILLAVINUR BARNAHEILLA?

**Starfsemi Barnaheilla er eingöngu rekin af frjálsum framlögum og styrkjum. Helstu fjáröflunarverkefni samtakanna á undanförnum árum hafa verið sala á jólakortum, Út að borða fyrir börnin og Jólapeysan. Frjáls framlög Heillavina, en það eru einstaklingar sem eru mánaðarlegir styrktaraðilar, er einnig afar þýðingarmikil fjáröflunarleið.**

Með því að gerast Heillavinur Barnaheilla greiðir þú mánaðarlega upphæð að eigin vali sem rennur til þeirra fjölmörgu verkefna sem samtökin sinna.

„Ég er Heillavinur vegna þess að mér finnst mikilvægt að öll börn eigi sér málsvara. Ég vil láta gott af mér leiða og er aflögufær og treysti Barnaheillum til að nýta framlag mitt sem best í þágu barna."

*Einn af fjölmörgum Heillavinum Barnaheilla.*



# ERFÐAGJAFIR

**Allir geta ráðstafað erfðafé til samtaka sem sinna góðgerðar- og mannúðarstarfi eftir sinn dag. Hægt er að arfleiða félagasamtök og sjálfseignarstofnanir að hluta eða öllum eignum. Lögum samkvæmt er heimilt að ráðstafa þriðjungi eigna með erfðaskrá þegar skylduerfingjar eru til staðar. Ef skylduerfingjar eru ekki til staðar er hverjum og einum frjálst að ráðstafa öllum eignum og fé að vild en til að tryggja að arfur renni þangað sem óskað er þarf að gera erfðaskrá.**

Það færist sífellt í aukana að einstaklingar gefi erfðagjafir til málefna sem eru þeim hjartfólgin til að styðja og hjálpa öðrum sem á þurfa að halda. Arfur til félagasamtaka er undanþeginn erfðafjárskatti.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfa í þágu barna hér á landi og erlendis með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Samtökin hafa meðal annars beitt sér fyrir því að öll börn á Íslandi njóti gjaldfrjálsrar grunnmenntunar og tannlæknaþjónustu. Þau gefa út námsefnið *Vináttu* sem er forvarnaefni gegn einelti í skólum og standa að ýmiss konar fræðslu og forvörnum til að vernda börn gegn hvers konar ofbeldi og vanrækslu. Á erlendum vettvangi hafa samtökin einkum stutt verkefni sem snúa að mannúðar- og neyðaraðstoð við börn á stríðshrjáðum svæðum og einnig þróunarverkefni.

Með erfðagjöf til Barnaheilla getur þú stutt fjölþætt starf samtakanna í þágu barna hér á landi og erlendis. Nánari upplýsingar eru á barnaheill.is.



## REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
Aðalvík ehf, Síðumúla 13
Arctic Track ehf, Skeifunni 8
Arkitektastofan OG ehf, Síðumúla 28
Arkís arkitektar ehf, Kleppsvegi 152
Atlantik ehf, Suðurlandsbraut 4a
Auglýsingastofan ENNEMM, Skeifunni 10
Áltak ehf, Fossaleyni 8
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
ÁTVR Vínbúðir, Stuðlahálsi 2
Bandalag kvenna í Reykjavík, Hallveigarstöðum Túngötu 14
Barnalæknaþjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
BBA/Legal ehf, Katrínartúni 2
BG pípulagnir ehf, Fjarðarási 11
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
Bókhaldsstofa Haraldar slf, Síðumúla 29
Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900, Höfðabakka 9
BSRB, Grettisgötu 89
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dansrækt JSB ehf, Lágmúla 9
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Eðalflutningar ehf, Jónsgeisla 47
Eignamiðlun ehf, Grensásvegi 11
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Ernst & Young ehf, Borgartúni 30
Esju-Einingar ehf, Krókhálsi 5
Fanntófell ehf, Gylfaflöt 6-8
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Félag atvinnurekenda, Kringlunni 7
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22
Fínka ehf, málningarverktakar, Norðurási 6
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland, Köllunarklettsvegi 2
Fjárhald ehf
Foldaskóli, Logafold 1
Fríkirkjan í Reykjavík, Laufásvegi 13
Garðheimar, Stekkjarbakka 6
Garðs Apótek, Sogavegi 108
GÁ húsgögn ehf, Ármúla 19
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Ginger ehf, Síðumúla 17
Grafía-stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, Stórhöfða 31
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Hamraskóli, Dyrhömrum 9
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 126
Hársnyrtistofan Arnarbakka ehf, Arnarbakka 2
Helgason og Co ehf, Gylfaflöt 24-30
Hjá Dóra ehf, matsala, Þönglabakka 1
Hjá GuðjónÓ ehf, Þverholti 13
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé, Þórsgötu 1
Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Icelandair Cargo ehf, Reykjavíkurflugvelli
Icelandic Fish & Chips ehf, Tryggvagötu 11, Hafnarhvoli
Inter ehf, Sóltúni 20
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
KOM almannatengsl, Katrínartúni 2
Kringlukráin, Kringlunni 4-6
Landsnet hf-www.landsnet.is, Gylfaflöt 9
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Landssamtök lífeyrissjóða, Guðrúnartúni 1
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Lifandi vísindi, Klapparstíg 25
LMB Mandat lögmannsstofa, Bergþórugötu 55
Læknasetrið ehf, Þönglabakka 6
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl, Sigtúni 42
Málarameistarar ehf, Freyjubrunni 29
MediaCom Íslandi ehf, Kringlunni 4-6
Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Míla ehf, Stórhöfða 22-30
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Borgartúni 35
Myconceptstore, Laugavegi 45
Nasdaq verðbréfamiðstöð hf, Laugavegi 182
Nauthóll bistro, Nauthólsvegi 106
Nýi tónlistarskólinn, Grensásvegi 3
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir, Vínlandsleið 16
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pixel ehf, Ármúla 1
Prinsinn, söluturn, Hraunbæ 121
Rafeindastofan ehf, Faxafeni 12
Rafstjórn ehf, Stangarhyl 1a
Rafsvið sf, Viðarhöfða 6
Rikki Chan ehf, Kringlunni 4-12 og Smáratorgi 1
Rima Apótek, Langarima 21-23
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Borgartúni 35
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja - SSF, Nethyl 2e
SÍBS, Síðumúla 6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
SM kvótaþing ehf, Tryggvagötu 11
Smur- og viðgerðarþjónustan ehf, Hyrjarhöfða 8
Spektra ehf, Laugavegi 178
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Stálbyggingar ehf, Hvammsgerði 5
Stjá, sjúkraþjálfun, Hátúni 12
Stjörnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Suzuki bílar á Íslandi
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen, Sólvallagötu 84
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf, Skólavörðustíg 14
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsinn ehf, Hraunbergi 4
Tark - Arkitektar, Hátúni 2b
THG Arkitektar ehf, Faxafeni 9
Tóbaksverslunin Björk, Bankastræti 6
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, Engjateigi 1
Trésmiðja GKS ehf, Funahöfða 19
Tölvar ehf, Síðumúla 1
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf, Síðumúla 28
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Þverholti 30
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
Vera by Íris-www.veradesign.is
Verkfræðistofan Víðsjá ehf, Tryggvagötu 11
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Álfheimar, Álfheimum 2
Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf, heildverslun, Sundaborg 1
Virkjun ehf, Mörkinni 3
VOOT Beita, Skarfagörðum 4
Vörn, öryggisfyrirtæki, Skipholti 15
Wurth á Íslandi ehf, Norðlingabraut 8
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26
Ökuskólinn í Mjódd ehf, Þarabakka 3

## SELTJARNARNES

Nesskip hf, Austurströnd 1

## KÓPAVOGUR

Ásborg slf, Smiðjuvegi 11
Bifreiðastillingin ehf, Smiðjuvegi 40d
bilalokkun.is, Smiðjuvegi 68
Bílaklæðningar hf, Kársnesbraut 100
Blikksmiðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
Davíð Tong Lí, Lækjarsmára 21
Dressmann á Íslandi ehf, Smáralind
Einar Ágústsson & Co ehf, Dalvegi 16d
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari, Grófarsmára 8
Exton ehf, Vesturvör 30a
GG Sport, Smiðjuvegi 8, græn gata
Hefilverk ehf, Jörfalind 20
Hvellur-G.Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Hvísl ehf, Löngubrekku 29
Iðnaðarlausnir ehf, Akralind 7
Ísfix ehf, Smiðjuvegi 6, græn gata
Íshúsið ehf, Smiðjuvegi 4a
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Karína ehf, Breiðahvarfi 5
Kraftvélar ehf, Dalvegi 6-8
Krua Thai, veitingastaður, Bæjarlind 14-16
Lakkskemman ehf, Skemmuvegi 30
Landmótun sf, Hamraborg 12
lindesign.is, Smáratorgi 1
Línan ehf, Bæjarlind 14-16
Loft og raftæki ehf, Hjallabrekku 1
MHG verslun ehf, Víkurhvarfi 8
Munck Íslandi ehf
Nobex ehf, Hlíðasmára 6
Oxus heildverslun, Akralind 6
Ólafssynir ehf, Fagrahjalla 84
Rafbraut, Dalvegi 16b
Rafport ehf, Auðbrekku 9-11
Rafsetning ehf, Björtusölum 13
Skólamyndir ehf
Sportvörur, Bæjarlind 1-3
Tambi ehf, Ásbraut 9
Ungmennafélagið Breiðablik, Dalsmára 5
Vatn ehf, Skólagerði 40
Verifone á Íslandi ehf, Hlíðasmára 12
Vökvatæki ehf, Krossalind 1

## GARÐABÆR

Hannes Arnórsson ehf, Móaflöt 41
Loftorka Reykjavík ehf, Miðhrauni 10
Samhentir, Suðurhrauni 4
Versus bílaréttingar og málun, Suðurhrauni 2
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

## HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf, Drangahrauni 14
Apótek Hafnarfjarðar, Selhellu 13
Betri Bygging ehf, Reykjavíkurvegi 24
Efnamóttakan hf, Berghellu 1
Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1
G.S. múrverk ehf, Hvassabergi 4
Gámaþjónustan hf, Berghellu 1
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hákon Bjarnason ehf, Suðurgötu 96
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Opal Sjávarfang ehf, Grandatröð 4
SJ Tréverk ehf, Melabraut 20
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Smíðaverk ehf, Skútahrauni 5
Stoðtækni ehf, Lækjargötu 34a
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf, Reykjavíkurvegi 60
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Umbúðamiðlun ehf, Fornubúðum 3
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði, Álhellu 8
Vélsmiðjan Altak ehf, Drangahrauni 1
Víðir og Alda ehf, Reykjavíkurvegi 52a
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Þaktak ehf, Grandatröð 3

## REYKJANESBÆR

Bílar og Hjól ehf, Njarðarbraut 11a
Bílnet, bílaréttingar og sprautun, Fitjabraut 30
Dacoda ehf, Krossmóa 4a
DMM Lausnir ehf, Hafnargötu 91
M² Fasteignasala & Leigumiðlun, Hólmgarði 2c
Maron ehf, Pósthólf 380
Nesraf ehf, Grófinni 18a
Pulsuvagninn í Keflavík
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Rörlagningamaðurinn ehf, Faxabraut 7
Skartsmiðjan, Hafnargötu 25
Skólamatur ehf, Iðavöllum 1
Skólar ehf, Flugvallarbraut 752
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90

## GRINDAVÍK
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
TG raf ehf, Staðarsundi 7
Vísir hf, Hafnargötu 16

## GARÐUR
Amp rafverktaki ehf, Iðngörðum 4
SI raflagnir ehf, Iðngörðum 21
Suðurnesjabær, Sunnubraut 4

## MOSFELLSBÆR
Byggingafélagið Bakki ehf, Þverholti 2
Ístex hf, Völuteigi 6
María Norðdahl, Björtuhlíð 2
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar, Skeljatanga 20

## AKRANES
Apótek Vesturlands ehf, Smiðjuvöllum 32
Bílasala Akraness ehf - Bílás, Smiðjuvöllum 17
Hafsteinn Daníelsson ehf, Geldingaá
JG tannlæknastofa sf, Kirkjubraut 28
Meitill ehf, Katanesvegi 3, Grundartanga
Trésmiðjan Akur ehf, Smiðjuvöllum 9
Valfell fasteignasala
Viðar Einarsson ökukennsla ehf, Hjarðarholti 4

## BORGARNES
Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsnesi
Gösli ehf, Brákarbraut 22
Kvenfélag Stafholtstungna
Landnámssetur Íslands, Brákarbraut 13-15
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf, Sólbakka 5

## STYKKISHÓLMUR
Ásklif ehf, Smiðjustíg 2
Marz sjávarafurðir ehf, Aðalgötu 5
Sæferðir ehf, Smiðjustíg 3
Þ.B. Borg trésmiðja ehf, Silfurgötu 36

## GRUNDARFJÖRÐUR
Þjónustustofan ehf, Grundargötu 30

## HELLISSANDUR
Esjar ehf, Hraunási 13
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, Klettsbúð 4
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Skarðsvík ehf, Helluhóli 1

## REYKHÓLAHREPPUR
Þörungaverksmiðjan hf

## ÍSAFJÖRÐUR
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7
Jón og Gunna ehf, Austurvegi 2
Orkubú Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1
Samgöngufélagið-www.samgongur.is, Engjavegi 29

## BOLUNGARVÍK
Arna ehf, Hafnargötu 80
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf, Aðalstræti 19
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Hafnargötu 17

## SÚÐAVÍK
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

## PATREKSFJÖRÐUR
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð, Eyrargötu 1

## TÁLKNAFJÖRÐUR
Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Tálknafjarðarhreppur, Strandgötu 38

## BLÖNDUÓS
Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Léttitækni ehf, Efstubraut 2
Pöntunar og viðgerðarþjónusta Villa ehf, Árbraut 19
Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1

## SKAGASTRÖND
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf, Strandgötu 32

## SAUÐÁRKRÓKUR
Efnalaug og þvottahús, Borgarflöt 1
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Bóknámshúsinu
Lykill sf, Lerkihlíð 3
Trésmiðjan Ýr ehf, Aðalgötu 24a

## AKUREYRI
Akureyrarkirkja, Eyrarlandsvegi
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði, Frostagötu 1b
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Eining-Iðja, Skipagötu 14
Grófargil ehf, Glerárgötu 36
Hlíð hf, Kotárgerði 30
Hlíðarskóli, Skjaldarvík
Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12
Kollgáta ehf, arkitektastofa, Kaupvangsstræti 29
Kranabílar Norðurlands, Borgarsíðu 29
Molta ehf, Þveráreyrum 1a
Norðurorka hf, Rangárvöllum
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf, Melateigi 31
Samherji ehf, Glerárgötu 30
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Steypusögun Norðurlands ehf, Víðivöllum 22
Timbra ehf, byggingarverktaki, Vaðlatúni 1
Túnþökusalan Nesbræður ehf, Fjölnisgötu 6i

## GRENIVÍK
Grýtubakkahreppur

## GRÍMSEY
Sigurbjörn ehf

## DALVÍK
Ektafiskur ehf, Hafnargötu 6
Sæplast Iceland ehf, Gunnarsbraut 12
Vélvirki ehf, verkstæði, Hafnarbraut 7

## HÚSAVÍK
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf www.fjallasyn.is, Smiðjuteigi 7
Steinsteypir ehf, Haukamýri 3
Tjörneshreppur, Ketilsstöðum
Trésmiðjan Rein ehf, Rein

## MÝVATN
Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6
Vogar ferðaþjónusta, Vogum

## RAUFARHÖFN
Önundur ehf, Aðalbraut 41a

## ÞÓRSHÖFN
Geir ehf, Sunnuvegi 3

## EGILSSTAÐIR
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf, Miðvangi 2-4
Bólholt ehf, Lagarbraut 4
Gunnarsstofnun, Skriðuklaustri
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Klausturkaffi ehf, Skriðuklaustri
Menntaskólinn á Egilsstöðum, Tjarnarbraut 25
Rafey ehf, Miðási 11
Ökuskóli Austurlands sf, Lagarfelli 11

## SEYÐISFJÖRÐUR
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

## REYÐARFJÖRÐUR
Hárstofa Sigríðar ehf, Austurvegi 20a
Launafl ehf, Hrauni 3
Tærgesen, veitinga- og gistihús, Búðargötu 4

## ESKIFJÖRÐUR
Egersund Ísland ehf, Hafnargötu 2
Fjarðaþrif ehf, Strandgötu 46c
Lindin fasteignir, Eskifirði
R.H.gröfur ehf, Helgafelli 9

## NESKAUPSTAÐUR
Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6
Verkmenntaskóli Austurlands, Mýrargötu 10

## HÖFN Í HORNAFIRÐI
Funi ehf, sorphreinsun, Ártúni
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Þingvað ehf, byggingaverktakar, Tjarnarbrú 3

## SELFOSS
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Fjölbrautaskóli Suðurlands, Tryggvagötu 25
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Hjá Maddý ehf, Eyravegi 27
Hótel Gullfoss, Brattholti
Jáverk ehf, Gagnheiði 28
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Laugartorg ehf, Sólveigarstöðum
Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf, Laugarási
Reykhóll ehf, Reykhóli

## HVERAGERÐI
Hótel Örk, Breiðumörk 1c
Hveragerðiskirkja

## ÞORLÁKSHÖFN
Bergverk ehf, Heinabergi 21

## ÖLFUS
Eldhestar ehf, Völlum

## STOKKSEYRI
Bjartás slf, Heiðarbrún 20

## HVOLSVÖLLUR
Gestastofan Þorvaldseyri
Kvenfélagið Hallgerður
Rangárþing eystra, Austurvegi 4

## KIRKJUBÆJARKLAUSTUR
Hótel Klaustur, Klausturvegi 6
Systrakaffi ehf, Klausturvegi 13

## VESTMANNAEYJAR
Guðmunda Hjörleifsdóttir, Vesturvegi 10
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf, Strandvegi 30
Ós ehf, Strandvegi 30
Rannsóknarþjónustan V.M., Ægisgötu 2
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

HIN UPPRUNALEGA

# FJÖLSKYLDUMÁLTÍÐ

FYRIR 4 Á AÐEINS

**5.499 kr.**




KFC